

**FALLEGASTI BARÞJÓNN
LANDSINS ER DANSKUR
STELPUR DREKKA MIKIÐ**



**LOGI OG SVANHILDUR
VILJA EKKI VITA HVORT
KYNID BARNID ER**



hér&nú

Fimmtudagur 2. mars 2006 - 9. tbl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur

395kr.
blöð í
þrjú einu

HELGI BJÖRNSSON



**MILLJARDA-
VERKEFNI**



**KAUPIR FLOTTASTA
LEIKHÚSIÐ Í BERLÍN**

**ÍTARLEG UMFJÖLLUN
hér&nú**

**INGÓ ÚR IDOLINU ER
VINSÆLL HJÁ STELPUNUM**

POPPSTJARNNA ÍSLANDS

**JENNY ÚR BACHELORNUM
OG INGÓ ERU BARA VINIR**



RISAPLAKAT AF IDOLSTJÖRNUNNI

**HREFNA Á VON Á BARNI
ÞETTA VERÐUR
KR-INGUR**



ISSN 1670-598X



L'

O

R



1. Styrkir samstundis.

Sérstakalega styrkjandi gel, með þrisvar sinnum meiri strykleika af pro-tensium*.

Bein styrkingaráhrif: 75% **

ANDIE MACDOWELL

É

A

L PARIS

DERMO-EXPERTISE

Öflug styrking
húðarinnar.

REVITALIFT DOUBLE LIFTING

NÝTT

ÖFLUGT STYRKINGARGEL + HLUKKUVERNARKERM



2. Dregur úr hrukkum frá degi til dags.

Hrukkuvörn með pro-rétinol A öreindum.

-20% minni hrukkur á 1 viku ***

DERMO-EXPERTISE.
FRÁ FAGMENNSKU TIL FEGURÐAR.
ÞVI ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS

* En í hinum hrukkuvarnarkremunum í Dermo Expertise línum.
** Sérnuð áhrif, prófað á 52 konum.
*** Prófað á 40 konum.



100%

ÞAÐ SEM ÞÚ VILT

Fanta Free er frískandi gosdrykkur unninn úr
hreinum ávaxtasafa og inniheldur aðeins 5 kaloríur *



* 5 kaloríur í 100ml

hér&nú

3 blöð
í einu



6-7

STJÖRNUFRÉTTIR

6-7 Ímark hélt verðlaunahátíð. Auglýsingarisarnir og þotuliðið.

8 Bítillssonurinn Sean Lennon kom hingað til lands um síðustu helgi. Sötraði bjór með Gabríelu Friðriksdóttur á Sirkus.

10-11 Helgi Björnsson kaupir leikhúshöll í Berlín.

12 Hrefna Jóhannesdóttir og Adolf Sveinsson eiga von á barni. Þetta verður KR-ingur.

13 Eva Bergþóra í héraðsdómi. Flott á fremsta bekk.

14-15 Innlendir molar og pistill ritstjóra.

16-17 Jenný úr Bachelornum og Ingó úr Idolinu eru vinir. Hann hefur alltaf verið mikill sjarmör.

18-19 Eldheitt slúður frá Hollywood. Poppstjarnan Britney Spears hrædd um að deyjja eins og Dána prinsessa.

21 Logi og Svanhildur eiga von á barni í lok júní. Vilja ekki vita hvort kynið það er.

22-23 Ósk Norðfjörð er flutt á Dalvík, lærir söng og elur upp börn. Ég er ekkert í strákunum þessa dagana, segir hún.



13



16-17

LÍFSSTÍLL

25 Áhugakonur um íslenskan mat stofna félagið matur - saga - menning.

26-27 Idol-opnan. Stjörnurnar skinu skært í Idolínu á föstudaginn.

28-29 Food & fun. Allt flotta fólkið kíkta á heimsfrægu kokkana.

30-31 Bransasagan. Ragnar Bjarnason segir sögur af Sumargleðinni.

32-33 Fataskápurinn. Brynja Norðfjörð athafnakona á stóran fataskáp og er mikið fyrir spænsku verslanakeðjuna Zöru.

36-37 Gillzenegger og kallarnir kepptu við Verzló í Gettu betur. Við erum ekki bara myndarlegir.

38 Tískuhornið. Undur hafnsins virka vel á húðina.

40-41 Á ári hverju flykkjast erlendar stjörnur hingað til lands. Gist í herbergjum stjarnanna.

42-43 Marín Manda. Gott að ala upp börn í Kaupmannahöfn.



21

ALVÖRU FÓLK

45 Leikarinn Gísli Pétur Hinriks-son hefur verið fyndnasti maður Íslands frá 2003.

46-47 Á Oliver starfar danski barþjónninn Bjarne Vennike, íslenskum stúlku til mikillar gleði.

48-49 Nýja nautið í húsdýr- garðinum er alveg gríðarlega geðgott. Hróður er arftaki Elds.

50-51 Ástarsagan. Tónlistar- maðurinn Skapti Ólafsson og Kolbrún Gunnarsdóttir kynntust eftir að bæði höfðu misst maka.

52-53 Jógvan Hansen er hárgreiðslumaður sem flutti til Íslands til að læra fördun.

54-55 Sírý segir. Klámdulurnar eru að verða þreyttar.

56 Halli í Fazmo er Íslands- meistari unglinga í kraftlyftingum.

58-59 Lesið í lófan á Ósk Norðfjörð.

60-61 Myndlistarmaðurinn Porri Hringsson hefur fengið hót- anir um málsóknir vegna æru- meiðandi veitingahúsagagnryni.

62 Steingrímur Hermannsson hefur stundað Laugardalslaugina síðan hún var opnuð.

64 Taktu prófið.

65 10 hlutir. Egill Gillzenegger Einarsson

66 Krossgáta vikunnar.

68 Hér&nú stúlkan. Hrefna Henný Víkingur.



56



25



36-37



42-43



65

Ímark hélt verðlaunahátíð auglýsinga á árinu 2006 síðastliðið föstudagskvöld.



Með hausverk um helgar *Peir Valli sport og Siggí Hlöß voru hressir og alls ekkert með hausverk.*



Flottar *Pær Elisabet Ólafsdóttir og Dröfn Ósp Snorraddóttir hjá Jónsson og Le' Macks voru hressar á Lúðrinum.*



Heit saman *Pau Chloé Ophelia Gorbulew og Karl Lúðvíksson voru heit saman og tóku pösuna.*



Jón Ársæll *Sagði nokkur vel valin orð á hátíðinni.*



Diskóstuð *Arnar Laufdal klæddi starfsfólk sitt upp í diskógalla í til efni kvöldsins og var flottur á því.*

AUGLÝSINGARIS

Uppskeruhátíð athafna-
fólks í auglýsingageir-
anum, Lúðurinn 2006,
var haldin á Broadway síðast-
liðið föstudagskvöld og var
staðnum breytt í Hollywood í
diskóstíl. Stjörnurnar skinu
skært á rauða dreglinum fyrir
utan staðinn og voru allir í
miklu stuði. Jakob Frímánn
Magnússon var kynnr kvölds-
ins og Sigurjón Kjartansson og
Helga Braga skemmtu í æðis-
gengnu gervi hins almenna
neytanda. Hátíðin þótti heppn-
ast vel í alla staði og ríkti sann-
kölluð diskóstemming fram eft-
ir nóttu.

Texti: Brynja Björk Garðars-
dóttir H&N-myndir Ómar V



Stuðmaður á sviði
Jakob Frímánn Magnússon var frábær kynnr og gerði mikla lukku á sviðinu.

Stjörnur í Hollywood!



Æðislegar skálmur Sigurjón Kjartansson í gervi Geira en hann ásamt Helgu Brögu sló í gegn á hátíðinni.



Flottur galli Helga Braga var óborganleg í gervi Magneu en hún tróð upp á hátíðinni.



Fín og myndin Helga Braga og Þorsteinn Guðmunds voru fín á Lúðrinum 2006.



Flottir Þeir Guðjón Jónsson og Karl Lúðvíksson voru hressir á Lúðrinum.

SARNIR OG ÞOTULIÐIÐ



Hvíta húsið og Ennemm Auglýsingarnar skemmtilegu fyrir Íslenska getsþá sópuðu að sér verðlaunum enda stjarna þeirra, Lýður Oddson lottóvinningshafi óstjórnlaga myndinn karakter.



Heit Daddi diskó var heitur með dómnum sínum á gólfinu.

Sonur John Lennon, Sean Lennon, var staddur hér á landi um síðustu helgi. Hann fór tvisvar á skemmtistaðinn Sirkus.



Heitasti staðurinn Skemmti-
staðurinn Sirkus lætur ekki mikið
yfir sér en stjörnur elsa hann.

Sean
Lennon!



STJÖRNU-
FRÉTTIR

Í stuði á Sirkus Sean
skemmti sér konunglega á
skemmtistaðnum Sirkus á
föstudagsvöldið og hitti
margan Íslendinginn.

BÍTILSSONURINN SÖTRAÐI

BJÓR MEÐ GABRÍELU

Bítillsónurinn Sean Lennon kom hingað til lands um síðustu helgi með móður sinni Yoko Ono en þau eru, og hafa alla tíð verið, mjög nán. Yoko kom hingað til lands út af friðarsúlu nokkurri sem hún hyggst ánafna Reykjavíkurborg og kom sonurinn með til þess að kynna landi og þjóð.

Sötraði Thule með Gabrielu Friðriks

Sean brá undir sig betri fætinum og spásseraði um miðborgina um helgina. Eins og flestir frægir sem til landsins koma skellti hann sér á Sirkus á föstudagsvöldið þar sem hann skemmti sér konunglega langt fram eftir nóttu og spjallaði við gesti og gangandi.

Á laugardaginn var hann með

mömmu sinni, meðal annars á blaðamannafundi sem hún hélt í kringum friðarsúluna góðu.

Honum líkaði svo vel við Sirkus að hann kikti aftur inn þar á sunnudagsvöldið. Þá sat hann lengi við barborðið í hrókasamræðum við listakonuna Gabrielu Friðriksdóttur. Daníel Ágúst, eiginmaður Gabrielu, sat þó úti í horni og fíktaði við ferðatölvuna sína á meðan Lennon og eiginkonan ræddu um allt milli himins og jarðar.

Spilaði með Lenny Kravitz

Sean, sem er aðallega frægur fyrir að vera sonur bítilsins Johns Lennon, varð þrítugur á síðasta ári. Hann hefur síðustu ár verið að fíkta svolítið við tónlist. Og kom meðal annars fram

á plötu Lenny Kravitz, Mama Said, og hefur spilað með hljómsveitinni Soulfly og nokkrum minna þekktum listamönnum. Einnig lék hann í myndbandi árið 1988 hjá Michael Jackson við lagið Smooth Criminal.



Með mömmu Sean Lennon kom með mömmu sinni til landsins og var meðal annars henni við hlöð á blaðamannafundi sem hún hélt.

Leik Höllin

Leikur og List

Námskeiðin hefjast vikuna 6-12 mars.
Hringdu og skráðu barnið þitt núna!!

- Ípróttá og leikjanámskeið
 - Tónlistanámskeið
 - Listanámskeið
 - Meðgöngujóga
 - Ungbarnaudd
- Haltu uppá **afmælið** fyrir barnið þitt í Leikhöllinni



Námskeiðin eru fyrir börn frá
aldrinum 1 mánaða til 9 ára.

S: 517-7900

www.leikhollin.is Bæjarlind 14-16 kóp



Baðstaður og kabarettihöll ríka fólksins
Gamlar myndir af íburði hallarinnar á gullaldarskeiðinu.

ÚTRÁSIN

STJÖRNUFRÉTTIR



Helgi Björnsson *Hamast við að ná sér í verk til að fylla glæsisali leikhúshallarinnar ásamt viðskiptafélögum sínum.*



Vildi lítið tjá sig *Jón Tryggvason kvikmyndagerðarmaður og samstarfsaðili Helga vildi lítið tjá sig um málið.*

Helgi Björns keypti glæsilega leikhúshöll við Frederichstrasse í Berlín

Helgi Björnsson keypti á dögunum risastórt, fornfrægt leikhús við Frederichstrasse í hjarta Austur-Berlínar. Þar hyggst hann, í samstarfi við Jón Tryggvason kvikmyndagerðarmann og fleiri, opna risastóra skemmtanahöll.

Mikil leynd hvílir yfir

Þegar Hér & nú loksins náði tali af Jóni vildi hann lítið tjá sig um málið og vísaði á Helga, samstarfsmann sinn, sem var upptekin við tökur á kvikmyndinni Köld slóð. Hann sagði þó að opnunin væri ekki fyrirhuguð fyrr en í ágúst. Hann sagði einnig að fleiri aðilar en hann og Helgi tækju þátt í kaupunum á risaleikhúsinu, en vildi ekki gefa upp hverjir það væru.

Lúxusleikhús með öllu

Samkvæmt þýskum heimildum hafa staðið yfir gríðarlegar endurbætur á leikhúsinu upp á

síðkastið. Í leikhúshöllinni verða nokkrir stórglæsilegir salir og hafa þær raddir heyrst að þeir félagar leiti nú ljósum logum að verkum til að fylla þessa sali. Einnig verður glæsilegt kaffihús, veitingasalur og baðhús í höllinni.

Opnað með Rómeó og Júlíu?

Eins og kunnugt er hyggst Vesturport setja Rómeó og Júlíu upp í Berlín og eru leikararnir byrjaðir að æfa verkið á þýsku. Þær raddir hafa heyrst að verkið, í leikstjórn Gísla Arnar Garðarssonar, verði opunarverk hallarinnar. Það væri vissulega eftirsóknarvert fyrir Helga og félagu. Hér & nú hefur þó engar staðfestar heimildir fyrir því að samningur þess efnis hafi verið undirritaður.

Kabarettgestir á gægjum

Leikhúsið fornfræga heitir Admiralpalast en gengur einnig undir nafninu Metropol-leikhúsið.



Opnað með stæl?

Heyrst hefur að Helgi hyggst opna höllina með Rómeó og Júlíu í Vesturports.

Blómaskeið þess var á þriðja áratug nítjándu aldar þegar smókingklæddir gestir sem komu til að horfa á óperettur og kabarettu borguðu aukalega fyrir að fá að gægjast á baðgesti gegnum þar til gerð gægjugöt, en húsið var þá einnig glæsilega búið baðhús. Helgi og félagar munu að öllum líkindum ekki bjóða upp á þá þjónustu þegar húsið verður opnað. Hvort sem það verður í maí eða ágúst.



KOMIN TIL BERLÍNAR

Glæsileg
höll!



Glæst fortíð Þessi mynd er tekin úr sýningunni „Fleur d'Hawai“ sem sett var upp í leikhúsinu árið 1931.

Hrefna Jóhannesdóttir og Adolf Sveinsson eiga von á barni

Eiga von á barni
Adolf og Hrefna eiga von á barninu 28. júlí.

ÞETTA

VERÐUR

KR-INGUR

Það gengur bara mjög vel. Ég er komin rúmlega átján vikur og er sett á 28. júlí," segir Hrefna Jóhannesdóttir, knattspyrnukona í KR, sem á von á barni með kærasta sínum, Adolf Sveinssyni knattspyrnumanni. Þetta verður hennar fyrsta barn og segir Hrefna að tilfinningin sé mjög góð. „Þetta er smá skrýtið en mjög gaman. Við ætlum að fara til Danmerkur að versla eftir að við vitum kynið. Ég hef nú alltaf átt í vandræðum með að versla of mikið og býst við að það verði ekki mikil breyting þar á," segir Hrefna sem veit ekki enn hvort kynið barnið er. En hverju vonast hún eftir? „Er ekki jafnrétti í þessu landi? Ég veit alveg hvað ég held en mér er alveg sama," segir Hrefna og hlær. Hrefna er KR-ingur en Adolf er úr Keflavík og spilaði með Reyni í Sandgerði síðasta sumar. „Ég ætla rétt að vona að þetta verði fótboltamanneskja en annars verður maður bara að sætta sig við það. Þetta verður KR-ingur ef þú spyrð mig," segir Hrefna og hlær. Hún segist ekki vera komin með neina bumbu og er ennþá í sömu gallabuxunum. „Það kemur samt að því að gallabuxurnar passa ekki lengur.“

„Það kemur samt að því að gallabuxurnar passa ekki lengur.“

Fótboltapar
Hrefna spilar með KR en Adolf er Keflvíkingur.

Texti Breki Lögason og Jón Mýrdal -
H&N-mynd E.Ói



Hér & nú fylgdist með Evu Bergþóru í héraðsdómi

Flott Eyjólfur Sveinsson og Eva Bergþóra voru mætt í héraðsdóm.

FLOTT Á FREMSTA BEKK


Eva Bergþóra Guðbergsdóttir mætti í Héraðsdóm Reykjavíkur í vikunni ásamt eiginmanni sínum Eyjólfvi Sveinssyni. Sat hún við hlið hans á fremsta bekk en Eyjólfur og Sveinn faðir hans eru ákærðir fyrir brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Eva bar sig vel og var stórglæsileg rétt eins og ávallt. Hún hefur búið í Bandaríkjunum ásamt eiginmanni sínum og meðal annars komið með fín innsög þáðan fyrir NFS, en hún var einmitt um tíma fréttakona á fréttastofu Stöðvar 2. Eftirminni- legar eru fréttir hennar um forsetakosningarnar í Bandaríkjunum á síðasta ári. Eyjólfur, eiginmaður Evu Bergþóru, firrti sig ábyrgð á fjármálaóreiðu vegna vangoldinna opinberra gjalda og ógreidds virðisaukaskatts. Hart var sótt að Eyjólfvi í héraðsdómi á mánudag.

Texti: Breki Logason
H&N-mynd: GVA



Eva Bergþóra
Hefur unnið flott innsög fyrir NFS frá Bandaríkjunum.

STJÖRNU-
FRÉTTIR



Mikið gekk á í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag.



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvinsson ábm.

Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.

Ritstjórn Brynja Björk Garðarsdóttir, brynjab@hognu.is, Jón Myrdal, myrdal@hognu.is, Ragnar Pétursson, ragnar@hognu.is.

Hér & nú Skafthlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075. Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Setning og umbrot 365 – prentmiðlar. Prentvinnsla Isafoldarprentsmiðja. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Útrásin teygir sig til þriðja ríkisins

Stórborgir Evrópu stráfalla fyrir hendi íslenskra viðskiptamógúla. Það eru allir löngu farnir í fylu í Kaupmannahöfn og London. Og nú er komið að íbúum Berlínarborgar að kynnstast Íslendingum. Helgi Björnsson og félagar hafa fest kaup á flottasta leikhúsi borgarinnar. Hóll sem var byggð fyrir tíma þriðja ríkisins en var að niðurlotum komin. Moli mætir á svæðið og í samstarfi við þýska pengingamenn ætlar hann að sýna Þjóðverjum hvernig á að búa til leikhúsið. Handritin streyma víst inn og ekki skemmir fyrir að heitasta verkið í Evrópu er sýning Vesturportshópsins á Rómeó og Júlíu. Þessa dagana er Helgi hins vegar staddur í Hrauneyjarfossvirkjun þar sem hann er að leika í kvikmyndinni Köld slóð. Nóg að gera. Von er á stórhátíð í austurhluta borgarinnar í apríl eða ágúst, þegar leikhúsið verður opnað með pompi og prakt.

Aðrir íslenskir stórhugar dánla að dreifa fríblaði inn á öll dönsk heimili svo Daninn geti loksins farið að lesa almennilega bakþanka og átt stund milli stríða. Á sama tíma og íbúar stórborga Evrópu eru í fylu fæðist ný poppstjarna á Íslandi. Kvennagull frá Selfossi sem keyrir ekki um á GTI-bil eins og hinir strákarnir, heldur gömlum Volvo og spilar í Pakkhúsinu. Mórallinn spilar aldrei í Pakkhúsinu.

Af hverju veit maður ekkert um þetta Idol? Hvaða fólk er maður að kjósa í hverri viku? Mér finnst að krakkarnir í Idolinu ættu að tala eins mikið við fjölmiðla og þeir geta. Það hlýtur að skipta máli að kunna á fjölmiðla ef maður ætlar að verða næsta Idolstjarna. Þetta er samt alltaf jafn vinsæll þáttur þótt brandarar eins og „Houston, we have a Bubba“ fái að fljúga kvöld eftir kvöld. Ég er ánægður með íslensku útrásina. Berlín er greinilega orðin heitasta borgin. Ólafur Eliasson fyllir öll listagallerí borgarinnar af verkum og fólki og Egill S. er víst alveg hættur að runka sér. Ég held samt að nú fari boltinn í Berlín fyrst að rúlla af alvöru. Því Moli er mættur í bæinn.

Breki Logason



ÓLI GEIR ORÐINN

SKEMMTANASTJÓRI

Á TRAFFIC

Fráfarandi herra Ísland, Ólafur Geir Jónsson, hefur nú vent sínu kvæði í kross og hætt öllum prúðmannlegheitum. Þess í stað hefur Óli ákveðið að einbeita sér algerlega að djamminu og ráðið sig á Traffic sem skemmtanastjóra. Munu Keflvíkingar væntanlega eiga von á skemmtilegum kvöldum fram-

vegis. Óli ætlar að halda ýmiss konar þemakvöld ásamt því sem hann hefur ákveðið að halda eitt af sínum margrómuðu Splash-teitum þann 4. mars næstkomandi. Munu tókumenn á vegum þáttarins að sjálfsögðu vera á staðnum ásamt því sem Óli mun bjóða upp á veitingar.

Þóra Tómasdóttir ólétt og sæt á skjánum

Á AÐ EIGA EFTIR FIMM VIKUR

Sjónvarpskonan þokkafulla Þóra Tómasdóttir á von á barni eftir fimm vikur. Það stöðvar hana þó ekki í fréttunum en Þóra stendur sig með stakri þrýði í Kastljósinu um þessar mundir. Meðgangan virðist ekki slá á þokka sjónvarpsgyðjunnar nema síður sé en hún þykir ákaflega myndarleg á skjánum og í flottum óléttuklæðnaði. Þóra mun þó væntanlega hverfa af skjám landsmanna þegar fram líða stundir og njóta þess að sinna nýfæddu barninu heima við í ró og næði.





Á leið í bæinn

LINDA ELSKAR SUSHI

Ég er akkúrat að borða sushi núna, ég varð bara allt í einu að fá mér sushi," segir Linda Pétursdóttir en eins og allir vita er sushi ekki leyfilegt fyrir óléttar konur. En nú er Linda búin að eiga og segir hún ganga mjög vel með litlu prinsessuna, Ísabellu. Linda átti í lok ágúst og hefur búið hjá foreldrum sínum á Ásgarði í Grímsnesi síðan þá. En hvenær er von á henni í bæinn? „Það verður fljótlega," segir Linda með fullan munn af sushi og líkar greinilega vel.

HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Það var nóg að gerast um helgina. Á föstudaginn var margt um manninn á uppskeruhátíð auglýsenda, Lúðrinum 2006, og mátti þar sjá meðal annars í góðri sveiflu útvarpsmanninn knáa **Ívar Guðmundsson** ásamt Jóni Ársæli en þeir voru báðir að kynna á hátíðinni.

Karl Lúðvíksson

leikstjóri var heitur á Broadway ásamt fyrirsætunni

Chloé Opheliu sem var stórglæsileg. **Ásgeir Kolbeinsson** mætti seint á Lúðurinn en var þeim mun hressari á NASA þar sem plötusnúðurinn Timo Maas beytti



skífum. Á laugar daginn var nóg af fólki í miðbænum og mátti sjá dagskrárgerðarkonuna glæsilegu **Ragnheiði Guðfinnu Guðnadóttur** á Óliver en

hún var í góðri sveiflu með rauða turninum.

Þórey Edda Elís-dóttir

frjáls-íþróttakona var einnig á Óliver, stórglæsileg að vanda í grænum aðsniðnum kjól. Á



Hverfisbarnum var troðið af góðu fólki, þar á meðal var **Ingvar bleiki** úr Fazmo og félagar hans.

HRINGDU INN FRÉTT OG FÁPU PENING 550 50 70 **15.000** kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssímssvarinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyra og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.

FRÉTTASKOT hér & nú



Erpur Eyvindarson er staddur í Víetnam

„JUS' PRACTISING FOR REVOLUTION... WHAT YOU DOING?"

Rappgoðið og fyrrverandi sjónvarpsstjarnan Erpur Eyvindarson er staddur í Asíu með kærustu sinni Elvu Björk Barkardóttur. Erpur fylgdi kærustunni til Sjanghai þar sem hún er að klára viðskiptanám. Hafa þau skoðað sig eitthvað um og eru nú stödd í Víetnam. Erpur er samur við sig og tékkaði á hriðskotabyssu í landinu sem eitt sinn átti í stríði við Bandaríkin. Með myndinni fylgdi kveðja: „jus' practising for revolution... what you doing?"



Erpur Eyvindarson
Staddur í Víetnam
með hriðskotabyssu.

H&N-mynd Úr einkasafni



Vinirnir fylgjast með
Jenný, Atli Hjörvar,
Stefán Haukur, Davíð,
Orri, Fjola og Sverrir.

Jenný úr Bachelornum og Ingó úr Idolinu eru vinir frá Selfossi

HANN HEFUR ALLTAF V

Ég þekki hann nú bara aðallega í gegnum vinkonu mína. Við erum bæði frá Selfossi og vorum saman í grunnskóla, hann er einu ári yngri en ég," segir Jenný Ósk Jensdóttir Bachelor-drottning um ofursjarmörinn og töffarann úr Idolinu Ingólf Þórarinsson.

„Þetta er rosalega hress og skemmtilegur strákur. Hann er í hljómsveit sem heitir Veðurguðirnir, minnir mig, og hann er mjög góður söngvari," segir Jenný sem hefur margoft séð Veðurguðina spila í Pakkhúsinu á Selfossi. Jenný var einmitt stödd þar á föstudaginn ásamt vinum Ingós og fylgdust þau spennt með stráknum slá í gegn á sviðinu enn eitt kvöldið.

„Ég vona að hann fari langt, við vinkonurnar höldum allavega allar með honum," segir Jenný og tekur undir þær fullyrðingar blaðamanns að strákurinn beri með sér góðan þokka. Jenný hefur mikið fylgst með Idolinu og segir Ingó vera númer eitt en að Snorri sé einnig mjög finn söngvari.

Æfði með atvinnumannaliði

Jóhann Sigurðsson, æskuvinur Ingós frá Selfossi, tekur í sama streng og vonar að hann nái langt í keppninni. „Stelpurnar hafa alltaf verið brjáláðar í hann, hérna á Selfossi sérstaklega. Hann er varla látinn í friði en nú fá stelpurnar hérna aukna samkeppni þar sem hann er að slá í gegn," segir æskuvinurinn greinilega stoltur af Ingó.

Jóhann og Ingó eru jafn gamlir en hvernig var þetta í grunnskóla? „Hann hefur alltaf verið svona mikill sjarmör. Mér finnst það allt í lagi og get alls ekki kvartað neitt," segir Jóhann aðspurður hvort ekki sé leiðinlegt að vera alltaf í öðru sæti.

Það sem fáir vita er að Ingó er mikill íþróttamaður og spilar með Reykjavíkurlíðinu Fram í fyrstu



James Dean Ingó þyk-
kir líkjast James Dean.

deildinni. Jóhann spilar hins vegar með Fylki og segir ekki mikla samkeppni þeirra á milli. „Við erum voðalega saklausir," segir Jóhann aðspurður um einhver þakkastrík. Þeir bjuggu reyndar saman í Svíþjóð fyrir nokkrum árum þar sem þeir voru í skóla í Gautaborg og spiluðu knattspyrnu. „Við vorum hjá Örgryte en fórum svo bara heim, fengum smá heimþrá og nenntum þessu ekki," segir Jóhann en Örgryte er eitt stærsta knattspyrnuliðið í Svíþjóð.

Keyrir um á Volvo

Ingó hefur einnig spilað með unglíngalandsliði Íslands og er nokkuð góður að sögn Jóhanns. „Ég held það sé samt erfitt fyrir hann að velja á milli tónlistarinnar og fótboltans," segir Jóhann en Ingó er miðjumaður og kóngur þar líkt og á sviðinu. „Síðast þegar ég vissi var hann bara á lausu

og er búinn að vera það í dálitinn tíma, að ég best veit."

Jóhann segir þá félagar djamma frekar lítið en Ingó hefur þó aðeins tekið við sér upp á síðkastið. „Já, það er bara svona eitthvað sem ég held að fylgi Idolinu, krakkarnir fara eitthvað saman og svona."

En þó Ingó sé frá Selfossi keyrir hann ekki um á GTI-bíl eins og vill oft loða við Selvfyssinga. „Nei, hann keyrir nú bara ennþá um á gamla Volvoinum sínum, það er allavega enginn sportbíl."

Jenný úr Bachelornum
Þekkir Ingó síðan í grunnskóla og heldur með honum í Idolinu.





STJÖRNU- FRÉTTIR

Flottastur Ingó hefur heldur betur slegið í gegn í Idolinu.

„Hann er varla látinn í friði en nú fá stelpurnar hérna aukna samkeppni þar sem hann er að slá í gegn.“

ERID MIKILL SJARMÖR



Vinsæll Ingó hefur alltaf verið mikið kvennagull.



Fótboltamaður
Ingó spilar með Fram og hefur verið í unglingslandslíðinu.

ALLT UM INGÓ Í IDOLINU

- Kvinnagull alla tíð
- Æfði með atvinnumannaliði
- Syngur með Veðurguðunum
- Keyrir um á Volvo
- Ekki mikill djammari
- Erfitt að velja á milli fótoltans og tónlistarinnar

Fyrirsætan Kate Moss er milljónamæringur eftir hneykslið á síðasta ári.



Hneykslið mikla
Myndin sem birtist af henni á síðasta ári.

RÍKARI EFTIR

KÓKAÍNHNHEYKSLI

Kate Moss Ofurfyrirsætan á án vafa eftir að slá í gegn á ný.

Fyrirsætan fallega Kate Moss er 4 milljónum punda ríkari eftir að hafa látið fletta ofan af kókaínnotkun sinni.

Áður en myndirnar af ofurfyrirsætunni birtust í fjölmiðlum, en þar sést hún sjúga kókaín upp í nefið í hljóðveri á síðasta ári, var hún „aðeins“ að vinna sér inn 5,75 milljón pund á ári. Nú sex mánuðum síðar mun hún á endanum raka inn 9,4 milljónir á árinu eftir að hafa landað stórsamningum við fyrirtæki á borð við Longchamps, Bulgari og Virgin-farsímafyrirtækið.

Fyrirsætan, sem er 32 ára, á um þessar mundir í samningaviðræðum við bandaríska fyrirtækið Calvin Klein og ef sá samningur verður undirritaður munu tekjur hennar á árinu aukast um tæpa eina og hálf milljón punda.

Kate hefur einnig í hyggju að ganga til liðs við tískurisann Burberry á

ný en fyrirtækið sleit samningum við hana eftir kókaínmálið á síðasta ári.

Fyrirsætan tapaði nokkrum stórum samningum á þeim tíma, þar á meðal við fyrirtækin Hennes og Chanel eftir að myndir birtust af henni í blöðum, neytandi hins ólöglega efnis.

Kate flúði til Bandaríkjanna í kjölfarið og inntraði sig á meðferðarheimili í Arizona á meðan lögreglan í Bretlandi hóf viðamikla rannsókn í málinu. Hún sneri aftur til Englands snemma á þessu ári til þess að mæta til yfirheyrslna hjá bresku lögreglunni og mun seinna í vikunni komast að því hvort hún má eiga von á því að verða ákærð fyrir að hafa eiturlyf undir höndum. Hvernig sem allt fer má segja að ofurfyrirsætan sé að rísa úr óskunni eins og fuglinn Fönix og mun hún án efa slá í gegn á þessu ári í tiskuheiminum.



Stjarnan úr O.C. með minnimáttarkennd:

MISCHU BARTON FINNST HÚN EKKI VERA KYNTÁKN

Fegurðardísin Mischa Barton úr framhaldspáttunum O.C., segist ekki skilja hvers vegna mönnum finnst hún aðlaðandi vegna þess að hún líti ekki á sig sem kyntákn.

Mischa, sem á nú í ástarsambandi við rokkarann Cisco Adler, segir að sér finnst samstarfskona sín í páttunum, Rachel Bilson mun kynþokkafyllri en hún sjálf.

„Rachel er miklu meira sexí en ég. Ég er svo há og rengluleg. Hún er með mikið fallegri líkama en ég,“ sagði Mischa í samtali við breska tímaritið Top of the Pops. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Mischa gerir lítið úr þokka sínum en í síðasta mánuði viðurkenndi hún í viðtali við annað breskt dagblað að sér fyndist hún síður en svo myndarleg.



STJÖRNU-
FRÉTTIR



JORDAN LEIKUR Í KVIKMYND

Kynbomban Jordan hefur landað sínu fyrsta kvikmyndahlutverki en hún mun leika eiginkonu gangsters. Jordan hefur þegar lesið handritið að myndinni sem ber heitið Gangsters Wives.

Jordan, sem heitir í raun Katie Price, mun hefja tókur í júlí í Lundúnum. Heimildarmaður sagði í samtali við breska dagblaðið The Sun: „Katie kom í prufu á síðasta ári og leikstjórnarnir elskuðu hana. Þetta er aðalhlutverkið.“

Leikstjórinn margrómaði James Cameron hefur verið orðaður við myndina en við seljum það þó ekki dýrara en við keyptum það.

GEORGE MICHAEL HANDTEKINN

Söngvarinn umdeildi George Michael hefur verið handtekinn og liggur undir grun um fíkniefnamisferli. Söngvarinn var handtekinn snemma á laugardagsmorguninn eftir símtal frá almennum borgara sem hafði tilkynnt að söngvarinn hefði sést í bíl sínum með eiturfylf undir höndum.

Lögregla á staðnum staðfesti að George hafði verið handtekinn og hefði verið látinn laus gegn tryggingu í einn mánuð.

„Tilkynningin var tekin alvarlega og við leit á manningum fundust ólögleg vímuefni,“ sagði lögreglufultrúi við BBC-fréttastöðina.



Stjörnupar Logi og Svanhildur héldu glæsilegt brúðkaup í sumar.

Logi og Svanhildur eiga von á barninu í lok júní

VILJA EKKI VITA HVORT KYNIÐ ER

Sumarbarn!

Sumarbarn Barnið á að fæðast um mánaðamótin júní/júlí.

Stjörnuparið á skjánum, Logi Bergmann Eiríðsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir, eiga von á barni eins og flestir vita. Mun stýran í Íslandi í dag vera komin fimm mánuði á leið og á því að eiga um mánaðamótin júní/júlí. Logi og Svanhildur vita ekki hvort þau eiga von á strák eða stelpu og vilja víst ekki vita það.

Logi og Svanhildur giftu sig þann 16. júní

í sumar og töluðu menn þá um brúðkaup aldarinnar. Glæsilegt brúðkaup enda flott par. Fyrir á Logi Bergmann fjórar stelpur en Svanhildur á einn son. Þessa dagana er Logi á fullu í Meistar- anum og fer að stytast í úrslitin í þeirri keppni sem verður sífellt meira spennandi.

Logi Bergmann

Er á fullu með Meistarann og á von á barni í sumar.

Svanhildur Hólm

Valsdóttir Vill ekki vita hvort kynið barnið er en á að eiga í sumar.

www.salonbronze.is

Airbrush brúnkusprey til heimilisnota



**Salon
Bronze™**

- Virkar strax
- Endist í 7-10 daga
- Náttúruleg brúnka, falleg og jöfn



Líttu vel út í skammdeginu

Ósk Norðfjörð
er flutt á Dalvík,
lærir söng og
elur upp börn

Ósk Norðfjörð Er flutt á
Dalvík til þess að læra og
ala upp strákana sína.

STJÖRNU-
FRÉTTIR

ÉG ER EKKERT Í STRÁK

*„Fyrsti mánuðurinn
var erfður en svo er
er þetta bara himna-
ríki. Þetta er eins og
að vera í sumarhú-
stað, mér líður eins
og ég sé búin að
vera í sumarfrí síð-
an ég kom hingað.“*

Líður vel „Ég er bara
með mitt hús hérna og
líður alveg svakalega
vel. Þetta eru ekki nema
nokkrir klukkutímar í
burtu frá Reykjavík.“

Með vinkonunum
Bergún Ólafsdóttir,
Harpa Eiríksdóttir, Freyja
Einarsdóttir og Ósk
Norðfjörð á kvennakvöldi
á Sólon á dögunum.

UNUM ÞESSA DAGANA

Þetta gengur bara hægt og rólega, það er ekki mikill hraði og spenna en ég er samt búin að vera mikið á skíðum," segir Ósk Norðfjörð, sem er flutt á Dalvík og var akkúrat að ná í strákana sína á leikskólann þegar Hér & nú náði af henni tali. Ósk á þrjá stráka og er einstæð móðir í fjarnámi. „Svo er ég líka í söngskólanum á Akureyri en stefni á að fara í háskólann í haust í ráðgjafarnám. Það er svipað og sálfræði en ekki jafn langt nám," segir Ósk, sem flutti á Dalvík til þess að ala upp strákana sína. „Lífs-gæðin hér eru allt önnur og tím-inn er miklu meiri. Strákarnir eru í fótbolta, sundi og á skíðum, það er allt hér við höndina.“

Á leið í Háskóla

Ósk bjó í Garðinum þannig að hún þekkir það að búa úti á landi. „Ég er bara með mitt hús hérna og líður alveg svakalega vel. Þetta eru ekki nema nokkrir klukkutímar í burtu frá Reykjavík," segir Ósk, sem ætlar að

leigja í bænum þegar hún fer í háskólann en flytja svo aftur á Dalvík. „Ég býst bara við því að vera hérna. Það er ekkert í Reykjavík sem maður getur ekki sótt á Akureyri sem er 20 mínútur í burtu. Þar er leikhús, veitingastaðir og bió. Ég er líka uppalin á Akureyri og á fullt af vinum þar," segir Ósk, sem verð dögnum í lærdóm og að hugsa um strákana.

Heilluð af Dalvík

En eru ekki einhverjir sætir strákar að reyna við þig? „Ég er ekkert í strákunum þessa dagana og hef voðalega lítið kynnst fólkinu hérna. Það fer ekkert mikið fyrir því. Það eru bara allir heima eftir tíu á kvöldin og svo bara úti á daginn með börnunum sínum," segir Ósk, sem eru algjörlega heilluð af Dalvík. „Fyrsti mánuðurinn var erfiður en svo er þetta bara himnaríki. Þetta er eins og að vera í sumar-bústað, mér líður eins og ég sé búin að vera í sumarfríi síðan ég kom hingað.“



Dalvík Hér býr Ósk og líður vel.



Í söngnámi Ósk er í söngskóla á Akureyri.

Hafðu það huggulegt

Diza er lífstílsverslun fyrir þau okkar sem vilja skapa og njóta. Bútasaumsefni, bækur og tilheyrandi. Þrjónagarn, uppskriftir og smávara. Erum að taka upp nýjar peysur.



Skoðaðu úrvalið í notalegu umhverfi þar sem stressið er víðsfjarri. Vertu velkomin.

Diza

Ingólfsstræti 6 • s: 561-4000 • www.diza.is

LÍFSSTÍLL

Áhugakonur um íslenskan mat hafa stofnað félagið Matur - saga - menning

Safn „Ég held það sé alveg jafn gaman fyrir Íslendinga að fræðast um matarvenjurnar en auðvitað hugsum við þetta líka fyrir útlendinga.“

ÞAÐ VARÐ BAKSTURSBYLTING

MEÐ RAFHA-ELDAVÉLINNI

Áhugakonur Sigrún með vinkonum sínum sem stofnuðu félagið.

Félagið er með ýmsa verkþætti sem það ætlar að sinna og eitt af því er að reka svokallað matarsetur sem gæti verið með alls kyns kynningar,“ segir Sigrún Magnúsdóttir þjóðháttafraeðingur og forstöðumaður Sjóminjasafns Reykjavíkur. Hún ásamt nokkrum konum sem kynntust í þjóðfræði koma að stofnun félagsins en undirbúningur hefur staðið yfir í um hálf t. „Félagið hefur leigt húsnæði hjá Sjóminjasafninu á Grandagarði sem er 300 fermetrar og ætlunin er að vera meðal annars nokkurs konar brú milli landshluta. Þá geta konurnar úr Mývatnssveitinni kynnt nýjungar í landbúnaði hjá okkur,“ segir Sigrún og telur upp sauðamjólki, geitaost og fleira. „Salurinn verður líka útbúinn einhvers konar matarumhverfi,“ segir Sigrún sem er búin að kortleggja íslenskar matarhefðir í gegnum tíðina.

Ólekja og flautir

„Það væri gaman að sýna fyrstu Rafha-eldavélinna en með henni varð mikil bakstursbylting. Svo hef ég líka mikið talað um

flautir sem fáir ungir menn og konur vita um í dag,“ segir Sigrún en flautir veru þeytt mjólk eða flóuð. „Það sem þú gerir í dag, af því að þú ert af cappuccino-kynslóðinni er að nota þetta í kaffið en þetta var fátækramatur hér á Íslandi út af því að mjólkinn vex um þriðjung við það að þeytast. Hún var þeytt með spaða úr hrosshárum sem settur var á birkihrislu eða tréskaft og þetta hafði nafnið flautapyrill. Og maður sem er ekki mjög stabill er kallaður flautapyrill,“ segir Sigrún og undirstrikar sögulegt gildi félagsins. Sigrún heldur því einnig fram að nýjasti tiskudrykkurinn, skyr.is, hafi verið til árið 1300. „Þá hét hann ólekja og þeir þynntu skyríð með vatni og ég hef séð í bókum að á háttíðisdögum var sett berjasaft út í.“

Flott staðsetning

En eru félagið og matarsetrið hugsað aðallega fyrir útlendinga? „Ég held það sé alveg jafn gaman fyrir Íslendinga að fræðast um matarvenjurnar en auðvitað hugsum við þetta líka fyrir útlendinga. Við teljum okkur vera á toppstað því byggðin er alltaf að



„Þá geta konurnar úr Mývatnssveitinni kynnt nýjungar í landbúnaði hjá okkur.“

Sigrún Magnúsdóttir Er forstöðumaður Sjóminjasafns Reykjavíkur.

færast þarna nær,“ segir Sigrún og nefnir að tónlistar- og ráðstefnuhúsi eigi að rísa í grenndinni fljótlega. „Svo verða líka hvalaskoðunarferðir, þannig að við fáum alla túristana til okkar.“

Texti Breki Logason - H&N-mynd Vilhelm





Stjörnurnar skinu skært í Idolinu á föstudaginn og var stemningin rafmögnuð þegar fyrsti keppandinn steig á svið.

GLÆSILEGAR IDOLS

Áfram Alexander!
Kristin, Bryndis og Kristjana voru mættar til að styðja Alexander vin sinn til sigurs í Idol - Stjörmuleit.



Glæsileg Ragnheiður
Sara var stórglæsileg í Smáralindinni.



Fóli Ingó var heitur og hlakkaði til að láta ljós sitt skína á sviðinu.

Flott á því Eiríkur með fjölskyldunni sem var mætt í Smáralindina til að styðja við bakið á honum.



Vel merktir stuðningsmenn!

Spenntur Eiríkur Hafdal var spenntur áður en hann steig á svið enda til mikils að vinna.



TJÖRNUR



Hressir Stuðningsmenn Eiríks voru hressir og létu vel í sér heyra.



Studdu við bakið á Eiríki Þær Þórunn Lilja, Bogga, Dúa og Helga voru hressar í Smáralind og studdu vel við bakið á Eiríki vini sínum.



Flottar í grænu Arndís mágkona Alexanders og Magga systir hans voru mættar til að styðja sinn mann.



Samrýmd fjölskylda Fjölskyldan hennar Inu var mætt til að styðja skvísuna sína.

Krakkarnir í Idol - Stjörnuleit voru spenntir á föstudaginn áður en þeir stigu á svið í Smáralind en nú styttist í að við áhorfendur fáum að vita hver verður næsta Idolstjarna Íslands. Keppendur voru hver öðrum glæsilegri og voru stuðningsmenn þeirra vel merktir í bak og fyrir. Allt ætlaði um koll að keyra þegar Ina flutti lagið angurværa Heyr mína bæn en hún þykir koma ákaflega sterk inn og hafa ótrúlega breidd í raddsviði. Krakkarnir stóðu sig þó allir feikivel og létu slæma dóma frá dómnefndinni eins og vind um eyru þjóta.

H&N-myndir Ágúst Ingi - Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir



Food & fun haldin um helgina

Flugfreyjukórinn Flugfreyjukór Ícelandair söng lagið New York New York.

FLUGFREYJUKÓR ÍCELANDAIR

Matar- og skemmtihátíðin Food & fun var haldin um helgina og var mikið um dýrðir. Allir helstu veitingastaðir borgarinnar voru með heimsfræga gestakokka og var það umtalað í borginni hvað hátíðin hefði heppnast vel að þessu sinni. Á laugardaginn var í Listasafni Reykjavíkur, í Hafnarhúsinu, haldin alþjóðleg keppni matreiðslumeistara. Sigurvegarinn var hin stórglæsilega Tina D. Vík frá Noregi. Seinna um kvöldið var svo haldinn galakvöldverður á Nordica Hótelu þar sem Jón Karl Ólafsson, forstjóri Ícelandair var gestgjafi kvöldsins. Þar mættu

margir erlendir blaðamenn, samgönguráðherra, landbúnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, Helgi Ágústsson. Aðalúmer kvöldsins var Garðar Thor Cortes en hann vakti mikla lukku hjá erlendu gestunum. Garðar söng tvö lög og var klappaður upp í þriðja lagið en hann var með hluta Sinfóníuhljómsveitar Íslands með sér. Það vakti líka mikla athygli að Flugfreyjukórinn, sem samanstendur af 30 flugfreyjum sem starfa hjá Ícelandair, sungu lagið New York, New York undir styrkri stjórn Magnúsar Kjartanssonar.



Mikill áhugi Fólk hafði mikinn áhuga á kokkunum á Food & fun-hátíðinni.



Sigurvegjarinn
Sigurkókkurinn Tina
Vik á Food & fun.



**Eflaust að segja fyndinn
brandara** Guðni Ágústsson veitir
verðlaun fyrir besta kjótréttinn.



**Og lóttötölur kvöldsins
eru...** Elva Dögg Melsted
var falleg eins og vanalega.



Verðlaun afhent Jón Karl
Ólafsson, forstjóri Icelandair
Group, afhendir Kalle Lind-
roth frá Finnlandi verðlaun.



Sæt saman Garðar
Thor Cortes og frú.



Sló í gegn Garðar Thor
Cortes var klappaður upp og
þótti standa uppúr í skemmti-
atriðunum sem í boði voru.



Sendiherra Íslands Helgi Ágúst-
son sendiherra í Bandaríkjunum og
eiginkona hans Hervör Jónasdóttir.

SÖNG NEW YORK, NEW YORK



**Flottur með kokka-
húfu** Guðni Ágústsson
sker kökusneið.



Allir verðlaunahafarnir
Sigurkókkurinn Tina Vik og hinir
vinningshafarnir.

Ragnar Bjarnason segir sögur af Sumargleðinni

Ragnar Bjarnason
Hefur verið 50 ár í
bransanum og kann
margar bransasögurnar.

Það er margt sem gerist í
bransanum. Íslendingar
hafa alltaf verið duglegir
að skemmta sér. Þeir sem
skemmta fólkinu kunna
ógrynni af skemmtilegum
sögum, svokölluðum
bransasögum. Að þessu
sinni segir Raggi Bjarna
tvær sögur frá tímanum
með Sumargleðinni.



Ómar Ragnarsson
Var á fullu með Ragga
Bjarna í Sumargleðinni.

...ÞÚ SITUR Á ÞVÍ EÐA

EKKI ORÐIN NÓGU GÖM

 BRANSASAGAN

*„Hún ætlaði að stríða honum en
það er ekkert hægt að stríða
Ómari því hann er svo spontan.“*

Sumargleðin Þessi mynd er tekin 1982 og þar má meðal annars sjá Ragga, Ómar Ragnars og Þorgeir Ástvaldsson.

LÍFSSTÍLL

ERTU

MUL?



Með hangandi hendi
Raggi er að taka upp nýja plötu þessa dagana.

Sumargleðin var að spila að mig minnir á Hofsósi, líklega árið 1978, og ballið var rétt að byrja,“ rifjar Raggi upp og bætir við að fáir hafi verið í salnum. „Þar var staddur gamll kall og það vantaði í hann framtennurnar. Hann var sífellt að kalla til mín, hvernig þetta væri eiginlega með okkur, hvort við gætum ekki spilað gömlu dansana, hann var mjög hneykslaður á þessu Reykjavíkurlíði.“ Raggi heldur áfram og segir kallinn hafa endurtekið í sífellu hvort þeir gætu ekki spilað gömlu dansana. „Þetta endar svo með því að ég kalla kallinn upp til mín og segi við hann: Heyrðu, hvað ert þú að biðja um gömlu dansana, þú sem ert ekki einu sinni farinn

að taka tennur?“ segir Raggi og hlær sínum einstaka hlátri.

„Hann hló nú bara að þessu enda var þetta bara lítið djók og við spilðum auðvitað gömlu dansana fyrir hann þannig að þetta var allt í góðu,“ segir Raggi og segist hafa spurt hvort hann vildi polka. „Enda gátum við spilað helling af þessu dóti.“

Raggi minnst Sumargleðinnar með bros á vör enda samansafn af því líkum snillingum. „Ómar var þarna, Bessi og Þorgeir og svo náttúrlega Hemmi Gunn,“ segir Raggi en hópur sem þessi getur ekki annað en myndað mikla stemningu.

Raggi kann aðra sögu sem hann er ekki viss um hvort megi setja í

blaðið. En það er allt leyfilegt í bransanum. „Pá vorum við í Sumargleðinni á Hvoli með alveg ægilega aðsókn. Það var alveg troðfullt og krakkar að hrúgast inn sem sátu fremst við sviðið og uppi um alla vegg,“ segir Raggi en Ómar var á fullu að skemmta þegar þessi saga gerist. „Skyndilega segir ein stelpa við Ómar og ætlar að stinga upp í hann: Ómar, hvar er hárið á þér?“ rifjar Raggi upp en Ómar var fljótur til svars: „Þú situr á því, eða ertu kannski ekki orðin nógu gömul?“ segir Raggi og hlær enn meira nú sínum einstaka hlátri. „Hún ætlaði að stríða honum en það er ekkert hægt að stríða Ómari því hann er svo spontan. Er með mjög spontant viðbrögð.“

Texti Breki Logason og Jón Myrdal H&N-mynd Hari & ÞG

Sæt „Ég hef gaman af að poppa lúkkið upp með því að henda yfir mig sjali, það gerir rosalega mikið.“

ALGJÖRT

Brynja Norðfjörð athafnakona á stóran fataskáp og er mikið fyrir spænsku verslanakeðjuna Zöru.



Antíkflík „Þessi kápa er alger antik og er frá árinu 1950. Mamma mín arfleiddi mig að henni en ég er ekki viss um hvar hún fékk hana.“



Merkjafrik „Þessa toppa nota ég bara alveg fínt. Ég keypti annan í Danmörku en Dolce & Gabbana-toppinn keypti ég í Bandaríkjunum. Báðir eru „limited edition“.

MERKJAFRÍK

LÍFSSTÍLL

**Elskar
Missy!**

Mér finnst rosalega gaman að fara til London og versla en uppáhaldsbúðirnar mínar hérna heima eru Zara og Mótor," segir Brynja Norðfjörð athafnakona en hún er einmitt nýkomin heim frá Lundúnum þar sem hún eyddi viku á námskeiði hjá svokölluðum lífsþjálfara.

„Það var æðislega gaman en mér finnst gott að vera komin heim og aftur í fangið á manningum mínum. Ég er bara yfir mig ástfangin og nýbyrjuð að búa. Lífið er yndislegt," segir Brynja og hlær.

**H&N-mynd Heiða
Texti: Brynja Björk
Gardarsdóttir**

**Úr uppáhaldsbúð-
inni** „Pennan jakka
nota ég mikið en
hann er úr Zöru.“

Flottar buxur „Mér finnst gott að ganga í síðbuxum á djamminu og þessar teinóttu eru úr Zöru. Ég á líka svona stuttbuxur úr tvíð eins og eru svo heitar núna.“

Troðinn fataskápur „Mér finnst stundum erfitt að finna fötin mín enda ekki alveg sú skipulagðasta. En maður rötur bara þar til maður finnur þetta sem mann vantar upp á til að fullkomna dressið.“

Elskar Missy „Ég á þó nokkuð af íþróttafötum enda er ég alltaf í ræktinni. Ég er sko með Puma-dellu en nýlega hef ég alveg fallið fyrir fötunum hennar Missy Elliot en hún gengur alltaf í Adidas.“

Á nóg af joggurum „Ég geng mikið í íþróttagöllum og ég held að ég eigi átta svona galla.“

Gillzenegger og kallarnir
kepptu við Verzló í Gettu betur

Kallarnir.is Rúnkarinn,
neggerinn og kámaður-
inn tóku klósettappír
með sér ef illa færi.

VIÐ ERUM EKKI BA



Sterkt lið Egill var að sjálf-
sögðu í miðjunni þótt kámaður-
urinn sé töluvert gáfaðari.



Verzló „Þetta var bara svo þeir séu ekki bara gáfaðir heldur myndarlegir líka. Þeir geta núna tekið sig alveg í gegn.“



Fylgdardaman Fegurðardrottningin Heiður Hallfreðsdóttir það sérstaklega um að fá að fylgja strákunum á svið.



Spyrillinn Felix Bergsson stóð sig vel sem spyrill í keppinni.



Kíkt á kellingarnar Strákarnir athuga hvort það er ekki örugglega fin mæting. Þeir gengu inn í salinn við lagið What is love.



„Við erum samt eldri en sólin og þess vegna getum við ekki tekið þátt í Gettu betur og Meistarinn er bara fyrir einn, það er annaðhvort við allir eða enginn.“

Flottir Rúnkarinn, neggerinn og kámaðurinn einbeittir fyrir keppina.

RA MYNDARLEGIR

Við rétt töpuðum en náðum samt að halda ótrúlega vel í þá miðað við að við höfum aldrei keppt í Gettu betur,“ segir Egill Gillzenegger Einarsson, sem mætti ásamt köllunum sínum, Rúnkarinum og Kámanninum, upp í Verzló þar sem þeir öttu kappi við Gettu betur lið skólans. „Við erum ekki bara myndarlegir eins og ég hef alltaf sagt og eftir hraðaspurningarnar var staðan 10–7 þeim í vil,“ segir Egill en allur skólinn var mættur til að fylgjast með strákunum. „Þú getur náttúrliga rétt ímyndað þér að þegar neggerinn, rúnkarinn og kámaðurinn eru mættir upp á svið verður allt vitlaust,“ segir Egill en þeir félagar mættu með klósettpappír upp á svið.

„Við komum með þrjár rúllur ef



Allur skólinn „Þú getur náttúrliga rétt ímyndað þér að þegar neggerinn, rúnkarinn og kámaðurinn eru mættir upp á svið þá verður allt vitlaust“

við myndum skíta á okkur þá ætluðum við að skeina okkur, og ef þeir hefðu skitið hefðum við skeint þeim. Það er fínt að vera með pappír á sér ef það verður eitthvað vesen,


maður veit aldrei hvenær maður skítur á sig,“ segir Egill sem er mjög sterkur í kvikmyndaspurningunum. „Kvikmyndir, heilsa, íþróttir og pólitík er svolítið svona mitt sérsvið.“

Egill svaraði einmitt spurningunni um í hvaða mynd aðalleikarinn hét Ethan Hunt. „Það er að sjálf-sögðu Tom Cruise í Mission Impossible, ekki erfitt fyrir mig,“ segir Egill, sem gaf strákunum í Verzlóliðinu að sjálf-sögðu Biblíu fallega fólksins. „Þetta var bara svo þeir séu ekki bara gáfaðir heldur myndarlegir líka. Þeir geta núna tekið sig alveg í gegn.“

Egill segir kallana vel geta tekið aftur þátt í svona spurningakeppni enda stóðu þeir sig ágætlega. „Ef kallið kemur þá förum við örugglega oftar. Þetta er gott team. Við erum samt eldri en sólin og þess vegna getum við ekki tekið þátt í Gettu betur og Meistarinn er bara fyrir einn, það er annaðhvort við allir eða enginn.“

**INGÓ ÚR
IDOLINO**

POPPSTJARNVA



ÍSLANDS

hér&nú



HER&NU-MYND DANIEL

Arndís Haraldsdóttir snyrtifræðingur gefur psoriasis- og exem- sjúklingum góð ráð

**Arndís Haraldsdóttir meistari
í snyrtifræði** Dekrar við fólk á
snyrtistofunni Mecca spa

Dekur!

Phytomer var fyrsti snyrtivöru-
framleiðandinn til að nota sjó
og þara í vörur sínar,“ segir
Arndís Haraldsdóttir, meistari í
snyrtifræði, en hún starfar á snyrti-
stofunni Mecca spa á Nýbýlavegi í
Kópavogi.

„Í vörum er að finna öll þau
lífsnauðsynlegu snefilefni sem lík-
aminn þarfnast. Phytomer-merkið
er í fremstu röð í spa-heiminum.
Það framleiðir mikið af fagvöru til
ýmissa meðferða fyrir andlit og lík-
ama og einnig vörur í smásölu.“
Phytomer-vörurnar hafa verið fram-
leiddar í yfir 30 ár og eru þær seld-
ar á Mecca spa í Kópavoginum og
á Hótel Sögu. „Phytomer hefur
nokkrar vörur sem hafa reynst fólki
með psoriasis og exem vel,“ segir
Arndís.

UNDUR HAFSINS VIRKAR VEL Á HÚÐINA

**Phytomer –
Herralínan**
**FACIAL PROTECT-COM-
FORTING
MOISTURIZING CARE.**
Krem fyrir karlmannshúð. Kremið
er ekki fitukennt svo það gefur
húðinni ferska tilfinningu.
Virku efnin í kreminu eru
úr sjó og þara.

**Phytomer –
OGÉNAGE-Proskuð húð**
**SMOOTHING AGE DEFENCE
RADIANCE SERUM.**
Þetta er öflug blanda sjávarfegna sem
vinnur gegn öldrunaráhrifum sem
herja á húðina. Kremið dregur úr
dýpt öldrunarlína um 42 prósent,
eykur stinnleika og ljóma húð-
ar. Notist undir dag eða
næturkrem.

**Phytomer –
Toning body scrub**
**BODYGOMAGE
CORPS TONIFIANT**
Kornakrem fyrir líkamann með sjávar-
saltskristöllum. Kremið losar húðina við
þurr og hrjúft yfirborð (dauðar húð-
frumur) og örvar endurnýjun húðar.
Notkun þess minnkar líkur á ójafnri
áferð húðlitar við notkun sjálf-
brúnkandi efna.

**Phytomer-
Sólarvörur**
BRONS INSTANT
Brúnkusprey sem gefur húðinni
fallegan sólbrúnan lit á nokkrum
klukkutímum. Litlaus vara sem
smitar ekki lit í fót og auðvelt er
að bera á húðina. Spreyið er
einnig til í gelformi.

**Phytomer – Oligop
ur-Fyrir bólur**
**ANTI
BLEMISHTARGET GEL**
Gel sem dregur úr bólgu og notast
beint á bólur. Gelið má einnig nota yfir
farða. Notist nokkrum sinnum á dag
og bólan hjaðnar. Gelið er mjög
áhrifaríkt og er einnig til í herra-
línunni undir nafninu
Corrigel.

the JetRest®
www.thejetrest.com




**Ferðalag út
af fyrir sig!**

hausverk / SÍA / 5620

JetRest lúxus ferðapúði, margverðlaunaður ferðafélagi

Útsölastaðir m.a.:

- Fríhöfn Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Ellingsen Grand agarði • Nýja Skátabúðin Faxafeni 8
- 66°Norður Sjóklæðagerðin Faxafeni 12 og Miðhrauni 11
- Remedía Verslun Suðurl.br. 52 • SmáraSkóari Smáralind



Sturlaugur Jónsson & Co ehf.

- Fiskislóð 26
- Sími: 551 4680
- www.sturlaugur.is

GIST Á HERBERGJUM



RADISSON SAS 1919



Simon LeBon Kyntákníð og glamúrgæinn Símon kom hingað til lands með hljómsveit sinni Duran Duran og heillaðist líkt og aðrir. Fóru þeir meðal annars í siglingu og prófuðu kojurnar á Radisson SAS 1919 hótelinu.



Adrienne Frantz Amber úr Glæstum vonum gerði fína ferð hingað til lands og heillaði land og þjóð. Leikkonan fagra gisti á Radisson SAS 1919 hótelinu. Og sagðist sátt með gistinguna.



Dave Grohl Fyrirverandi trommari Nirvana og söngvari Foo Fighters kom hingað til lands í sumar og hélt magnaða tónleika í Egilshöllinni. Hann ásamt hljómsveit sinni gisti á Radisson SAS 1919 hótelinu.



HÓTEL HOLT



Kiefer Sutherland Stórleikarinn úr 24-þáttunum er löngu orðinn einn af bestu vinum Íslands. Kiefer hefur komið tvisvar hingað til lands með vini sínum og tónlistarmanninum Rocco DeLuca. Félagarnir gistu á Hótel Holti.



Eric Clapton Gítargoðið smellti sér í lax í sumar. Dvaldi hann að mestu á Torfalæk rétt fyrir utan Blönduós. Kom reyndar í bæinn og gisti á Hótel Holti rétt áður en hann fór upp í vé.



Cameron Diaz Fallegasta leikkonan í Hollywood var í frii hér á landi í sumar. Spókaði sig í bænum með vinkonum sínum og kíkti í nokkrar verslanir. Stelpan gekk svo upp á Hótel Holt þar sem hún gisti.

Á ári hverju flykkjast erlendar stjórnur hingað til lands. Annaðhvort til þess að gleðja landann með tónlist sinni eða tisku. Sumir koma bara til þess að veiða lax eða spóka sig í borginni. Síðasta sumar var gjöfult hjá okkur Íslendingum ef svo má að orði komast. En hvar gistu stjórnurnar? Ef þú ert í einhverjum hótelpælingum er um að gera að skella sér í sama rúm og stjórnurnar. Hér á opnunni geturðu séð hvar þær héldu sig hér á landi.

UM ST JARNANNA



101 HOTEL



NORDICA HÓTEL



Ryan Phillippe & Jamie Bell Félagarnir og Hollywood-stjörnuarnar úr *Flags of Our Fathers* gerðu allt brjálað í sumar. Voru þeir duglegir að kíkja á íslensku stelpurnar og gistu 101 Hótel.

Karen Millen Hún mætti á tiskusýningu *Mosaic Fashion* í Laugardalnum og skemmti sér víst svaklega vel. Hún gisti á 101 Hótel.



Forrest Whittaker Stórleikarinn úr kvikmynd *Baltastars* Kormáks lét fara vel um sig á 101 Hótel á milli þess sem hann lék í myndinni *A Little Trip to heaven*.



Samantha Mumba Leik- og söngkonan sem fór á kostum í *Time Machine* kom á tiskusýningu hingað til lands í sumar. Þar hittu hún sjálfan neggerinn en gisti víst bara ein á 101 Hótel.



Clint Eastwood Kúreki norðursins mætti hingað til að taka upp eitt stykki kvikmynd. Á milli upptaka keyrði hann um bæinn með fjölskyldu sinni sem öll gisti á Nordica Hoteli.



Placido Domingo Stórtenórinn og ofursjarmörinn fékk margar mömmurnar til þess að gleyma sér í smá stund. Söng hann meðal annars á íslensku í Laugardalshöllinni. Kappinn gisti á Nordica Hoteli.



50 Cent & G-Unit Rapphundurinn með skotsárin hélt tónleika í Laugardalshöll. G-Unit klíkan gisti með honum á Nordica Hoteli og hafa farið misjafnar sögur af eftirpartinu þar.

Pink Rokktæfan kom hingað til lands í fyrrasumar og lét öllum illum látum. Söng fyrir landann og fór í þessar helstu búðir. Hún gisti á Nordica Hoteli og var með tonn af lífvörðum.

Hamingjusöm
„Lífið er æðislegt!“

Sæt
mamma!



Marín Manda Magnúsdóttir Hitt-
ir aðrar mæður á kaffihúsum og
ætlar að skella sér til Ítalíu í sumar.

GOTT AÐ ALA UPP BÖR

„Þetta er svona
meðlimaklúbbur og
hann er ekki alveg
opinn öllum. Það
gengur bara alveg
frábærlega vel
hjá honum.“

Fyrirsætan og fatahönnuðurinn Marín Manda er hamingusöm í Kaupmannahöfn þrátt fyrir snjókomuna

Það er snjókoma hérna," segir Marín Manda Magnúsdóttir og skellihlær sínum einstaka dillandi hlátri þegar blaðamaður innir hana veðurfrétta frá Kaupmannahöfn. Á Íslandi sé farið að vora og ætti þá ekki að vera komið vor hjá frændum vorum líka? Það er víst ekki að sögn Marínar en hún segist þó hafa það æðislega gott í Köben.

Æðislegt að vera mamma

„Lífið er æðislegt," segir Marín Manda en hún býr í Kaupmannahöfn um þessar mundir ásamt kærasta sínum Danny Tangaard en þau eignuðust stúlkubarn saman nýverið.

„Ég er bara að passa barnið mitt hérna úti og það er yndislegt," segir Marín hamingjusöm og segir dótturina Öldu Mist aðal-

áhugamálið þessa dagana. Alda er sex mánaða og vær og góð. Þær stóllur ætla að ferðast um Evrópu í sumar.

„Ég ætla að skella mér til Brussel og kannski aðeins til Ítalíu. Ég á fjölskyldu í Brussel og það er æðislegt að versla þar. Svo kem ég auðvitað til Íslands í sumar."

Meira frelsi fyrir börn á Íslandi

En hvernig skyldi lífið ganga fyrir sig hjá þessari tiltölulega nýbökðu móður sem býr í Kaupmannahöfn?

„Maður fer með barnið í ungbarnasund hérna og hittir aðrar mæður á kaffihúsum. Þær eru þónokkuð margar íslensku mömmurnar hérna," segir Marín og bætir við að

gott sé að ala upp börn í Kaupmannahöfn.

„Það er þó meira frelsi fyrir börn á Íslandi held ég. Þegar ég ólst upp var ekkert mál að fara út að leika en hérna eru hlutirnir aðeins öðruvísi," segir Marín Manda. Rekstur þeirra hjóna hefur gengið vonum framar en Marín selur hönnun sína í verslun í borginni og kærasti hennar Danny rekur veitingastað.

„Hann er með veitingastað og þetta er svona klúbbur með mat á kvöldin, Numer Otte. Þetta er svona meðlimaklúbbur og hann er ekki alveg opin öllum. Það gengur bara alveg frábærlega vel hjá honum," segir Marín Manda og kveður frá snævi þakinni Kaupmannahöfn.

**Texti: Brynja Björk Garðarsdóttir
H&N-mynd Teitur**



BN Í KAUPMANNAHÖFN



Nýbökðu mamma
Parna er Marín Manda ólétt en nú nýtur hún þess að ala upp dótturina.

Kaupmannahöfn Marín segir gott að ala upp börn í Kaupmannahöfn.

Atson



Leðuriðjan ehf. Brautarholti 4

ALVÖRU FÓLK

ALVÖRU
FÓLK

Gísli Pétur Hinriksson

Var valinn fyndnasti maður Íslands fyrir þremur árum og afsalar sér nú titlinum.

Gísli Pétur Hinriksson hefur verið fyndnasti maður Íslands frá árinu 2003

ÉG ER EKKERT FYNDINN

Árið 2003 vann leikarinn Gísli Pétur Hinriksson keppnina Fyndnasti maður Íslands. Hann var krýndur með pompi og pragt eftir að hafa sigrað í uppistandskeppninni sem haldin var á Felix. Keppnin hefur ekki verið haldin síðan og titillinn því enn í hans höndum.

„Ég er ekkert fyndinn,“ segir Gísli, sem nú er útskrifaður úr leiklistinni og fastráðinn leikari hjá

Þjóðleikhúsinu. „Ég var aldrei neitt fyndinn heldur. Þetta voru bara einhver mistök,“ segir Gísli og er greinilega farinn að einbeita sér að allt öðru.

Brjálað að gera

„Þetta er ekki eitthvað sem ég vil vera og raunar ætla ég að nota tækifærið fyrst þú þarft

endilega að vera að skrifa um þetta og afsala mér titlinum hér með og fela hann í hendur íslensku þjóðinni til að velja einhvern sem er í raun og veru fyndinn.“

Þessa dagana er Gísli Pétur meðal annars að leika í Túskildingsóperunni auk þess sem hann fer með hlutverk í Virkjuninni eftir Jelinek sem verður frumsýnt 3. mars.

„Þetta er ekki eitthvað sem ég vil vera og raunar ætla ég að nota tækifærið fyrst þú þarft endilega að vera að skrifa um þetta og afsala mér titlinum.“

Fastráðinn Gísli Pétur er nú að leika í Túskildingsóperunni og segist ekkert fyndinn.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Á einum heitasta skemmti- stað Reykjavíkur, Café Oliver, starfar danski barþjónninn Bjarne Vennike — íslenskum stúlkum til mikillar gleði.

*„Mér finnst líka íslenskar
stelpur drekka meira en
kynsystur þeirra í Danmörku
og þá ekki síst meira af bjór.“*

Bjarne Vennike Er einn heit-
asti barþjónninn í borginni.

FALLEGASTI

Það má segja að það hafi verið ævin-
týrabráin sem rak Bjarne til Íslands.
Sem nemanda við Copenhagen
Business School langaði hann til að breyta
um umhverfi og upplifa eitthvað nýtt og
spennandi og því valdi hann Ísland til að
taka hér eina skiptiönn. Upphaflega ætlaði
hann sér einungis að vera hér í nokkra mánu-
ði við nám í Háskóla Reykjavíkur en ákvað
svo að framlengja dvölinna og nú eyðir hann
mestum tíma bak við barborðið á einum
heitasta skemmtistað Reykjavíkur, Café Oli-
ver, þar sem hann hristir kokkteila í gríð og
erg.

„Íslendingar eru afar óþolinmóðir. Þeir
vilja fá þjónustu strax og láta oft öllum illum

látum í von um að þjónustan gangi hraðar
fyrir sig,“ segir Bjarne þegar hann er spurð-
ur að því hvort það sé einhver munur á því
að vera barþjónn í Kaupmannahöfn og í
Reykjavík. Bjarne stóð lengi á bak við bar-
borðið á hinum vinsæla stað Café Ketchup í
Kaupmannahöfn sem og á diskótekinu Rat
Pack.

Óþolinmæði á barnum

„Mér finnst líka íslenskar stelpur drekka
meira en kynsystur þeirra í Danmörku og þá
ekki síst meira af bjór. Ef þú sérð flotta
stelpu á skemmtistað í Kaupmannahöfn er
hún yfirleitt með einhvern flottan drykk í
hendinni sem passar óneitanlega betur við

heildarsvipinn en jafn hversdagslegur
drykkur og bjór. Íslenskar stelpur virðast
hins vegar ekkert vera að spá í það og
þamba bjór þótt þær séu uppstrílaðar og
flottar. Kokkteilar eru bara ekki eins vinsæl-
ir hér og í Kaupmannahöfn, en þó virðast
einhverjir hafa lært að meta Mojito, sem er
mest seldi kokkteillinn á barnum á Oliver,“
segir Bjarne og skýtur fram þeirri kenningu
að það sé kannski bara vegna óþolinmæði
Íslendinga – það tekur lengri tíma að búa þá
til en einfaldlega að panta bjór.

Tvö ár í hernum

Bjarne er ekki eini útlandingurinn sem er
að vinna á Oliver. Í eldhúsinu er ítalskur kokk-

NAFN: Bjarne Vennike.

ALDUR: 25 ára.

**HVAÐ FÁ ÞEIR SEM VITA EKKI
HVAÐ ÞEIR VILJA Á BARNUM?** Fyrir þá bý ég til virkilega góðan drykk sem samanstendur aðallega af viskíi og jarðarberjum. Þessi drykkur hefur ekkert sérstakt nafn en klikkar ekki.

EF ÞÚ FENGIR FLUGMIÐA UPP Í HENDURNAR HVERT Á LAND SEM ER, HVERT FÆRIRÐU? Til Tókíó því þar á ég danskan vín sem gaman væri að heimsækja.

HVAÐ PANTARÐU ÞÉR SJÁLFUR Á BARNUM? Uppáhaldsdrykkirnir mínir eru White Russian, Tom Collins, Moscow mule og Capairinha. Mér finnst hins vegar oft miklu skemmtilegra að kaupa frekar flösku af sterku áfengi eins og vodka eða gin og sitja heima með vinunum og blanda sjálfur drykki. Ég kaupi líka oft kampavín.



Flottur Stúlkur bæjarins reyna yfirleitt að fá afgreiðslu hjá danska sjarminum.



Í vinnunni Kokkteiladrykkja og þolinmæði er nokkuð sem þarf að kenna Íslendingum að mati Bjarne.

BARÞ JÓNNA LANDSINS

ur, sænskur piltur er á barnum og stúlka frá Kólumbíu er einng á starfsmannalistanum, svo að andrúmsloftið á staðnum er nokkuð alþjóðlegt. Sem myndarlegur Dani á besta aldri hefur Bjarne óneitanlega fengið sinn skerf af athygli frá hinu kyninu. „Íslenskar stelpur eru flottar en það sama er líka hægt að segja um danskar konur. Það sem þær íslensku hafa hins vegar fram yfir þær dönsku er það að þær eru mjög opnar og ófeimnar. Þær eru ekkert hræddar við að kynna sig og spjalla við mann – ég vona að það sé ekki bara vegna þess að ég er útlendingur,“ segir Bjarne og hlær. Drengurinn er nokkuð veraldarvanur því auk þess að hafa ferðast töluvert um Evrópu dvaldi hann um sex mánaða skeið á vegum

danska hersins í Bosníu árið 2000. „Ég var nærri tvö ár í danska hernum og það var mjög áhugaverð upplifun að dvelja í Bosníu en ég tek það fram að það voru engar óeirðir í landinu þegar ég var þar.“

Bílaeign Íslendinga fyndin

Þegar Bjarne er ekki í vinnunni á Café Oliver sinnir hann náminu en hann á að skila tveimur stórum verkefnum hjá CBS í vor og svo stundar hann einnig sundlaugarnar stíft sem hann segir að séu algjör snilld, sérstaklega þær sem eru utandyra.

Ekki hefur Bjarne ferðast mikið um landið fyrir utan að hafa farið og skoðað Gullfoss og Geysi hvorki meira né minna en fimm

sinnum. „En mig dreymir um að keyra hringinn í kringum Ísland, ég hef heyrt að það sé frábær upplifun,“ segir Bjarne, sem á þó engan bíl. „Þetta með bílaeign Íslendinga er fyndið. Hér eru 17 ára krakkar litnir hornauga sem ekki eiga bíl en í Danmörku er þetta akkúrat ófugt. Ef þú ert kominn með eigin bíl um leið og þú ert kominn með bílprófið þá er bara gert grín að þér.“

Hvað framtíðina varðar þá segist hann ætla að klára námið en annars er allt opið. Hugsanlega opnar hann sinn eigin veitinga- og skemmtistað en litli bróðir hans er kokkur og því stutt að sækja góðan meðeiganda. En fyrst þarf að kenna Íslendingum að njóta kokkteila.

Nýja nautið í húsdýragarðinum er alveg gríðarlega geðgott



Flottur Hróður á eflaust eftir að heilla alla sem koma að skoða hann í húsdýragarðinum.



Nærmynd Hróður er greinilega góð fyrirseta og hér náði ljósmyndarinn góðri nærmynd.



Eldur var ekki geðgóður Aldrei var hægt að hleypa fólki nálægt honum því hann var svo geðstirður.

HRÓÐUR ER

ARFTAKI ELDS

A close-up photograph of a brown and white cow standing in a metal stall. The cow's head is the central focus, showing its large eye and distinctive white markings on its face and neck. The background consists of the grey metal bars of the stall.

ALVÖRU FÓLK

Stór eins og pabbi
Hróður er sonur Guttorms og Búkollu.

„Nautið Guttormur var pabbi hans og hann sýndi einstakt geðslag og kýrin Búkolla móðir hans hafði einnig góð gen hvað það varðar.“

Nautið Eldur var ekki lengi aðalnúmerið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Hann var fenginn í garðinn eftir að Guttormur var felldur fyrir aldurs sakir. Eldur var líka felldur en það var vegna þess hversu skapstór hann var. Nú er sonur Guttorms orðinn aðalstjarnan, hann heitir Hróður.

„Já, við urðum að fella hann Eld. Hann var farinn að ókyrrast og það var bara hættulegt að hafa hann lengur. Við erum núna komin með nýjan kálf sem heitir Hróður og er miklu rólegri en Eldur enda afkomandi Guttorms,“ segir Jón Gíslason, yfirdýrahirðir í húsdýragarðinum. Guttormur var löngu orðinn frægasti íbúi húsdýragarðsins, elskaður og dáður af öllum sem kíktu í garðinn. „Við köllum arftakann Hróður núna en það er eitt af þeim nöfnum sem fólk stakk upp á,“ segir Unnur Sigurbórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar húsdýragarðsins, um nýjasta íbúann.

Gríðarlega geðgóður

„Hróður er gríðarlega geðgóður, fimm mánaða nautkálfur og er meira að segja hægt að teyma hann hér um garðinn án vandræða. Það hefur verið gert við hann frá því hann var pínulitill og hefur hann meira að segja komið í starfskynningu á skrifstofur okkar,“ segir Unnur og er greinilega mjög ánægð með nýja nautið. Hróður er greinilega stór eins og pabbi hans því tveggja mánaða var hann 102 kg og nú fimm mánaða er hann 230 kg. Einhvers staðar var því fleygt fram að Hróður hefði frekar átt að fá nafnið Hjörleifur sem er skemmtilegt í ljós þess að hann er sonur Guttorms.

Guttormur og Búkolla foreldrar

„Það sem helst réði því að við fórum þessa leið hvað varðar arftaka þarfanauts garðsins var það að við þekkjum báða foreldra hans. Nautið Guttormur var pabbi hans og hann sýndi einstakt geðslag og kýrin Búkolla móðir hans hafði einnig góð gen hvað það varðar. Það eru því bundnar miklar vonir við að hann sýni það geðslag sem hentar garðinum,“ segir Unnur en nautin í garðinum hafa alltaf vakið mikla eftirtekt. Fréttamaðurinn Gísli Einarsson gerði mikla leit að arftaka Guttorms og fór valið fram í Kastljósi Sjóvarpsins við mikla hrifningu landsmanna. En Eldur sem þá var valinn stóð hins vegar ekki undir væntingum og var því felldur.

Tónlistarmaðurinn Skapti Ólafsson og Kolbrún Gunnarsdóttir kynntust eftir að þau höfðu bæði misst maka

Ástfangin Kolbrún og Skapti giftu sig í Digra-neskirkju árið 1996.

Ástarsagan

ÉG HÆTTI EKKERT FYR

Við kynntumst í Flatey á Breiðafirði árið 1993 á kaffistofu þar sem heitir Vogur. Skapti og vinur hans voru að spila á gítar og harmonikku og við tókum lagið,“ segir Kolbrún Gunnarsdóttir um fyrstu kynni sín af Skapta Ólafssyni. „Við segjum oft að gamni okkar að við höfum kynnst á Vog,“ segir Skapti þá og hlær. Það er fjórtán ára aldursmunur á þeim en þau höfðu bæði misst maka sinn þegar þau kynntust. „Ég vissi nú bara hver hann var. Ég man eftir því að ég sá hann fyrst þegar ég var fimmtán ára þegar hann var að spila í Tívoli. Þá fannst mér hann hafa fallett bros og afskaplega sætur,“ segir Kolbrún og hlær en Skapti er hvað þekktast-

ur fyrir að hafa sungið um allt sem er á floti alls staðar.

Reyndi að kenna henni á gítar

„Svo liðu nokkrir mánuðir og þá hittumst við á balli í Reykjavík í sal Skagfirðingafélagsins í Hlíðunum. Svo höfðum við ekkert samband lengi en hann fór eftir einhverjum krókaleiðum og hafði uppi á númerinu mínu. Ég varð alveg hissa þegar hann hringdi í mig en við fórum að spjalla saman í síma. Svo bauðst hann til þess að kenna mér að spila á gítar,“ rifjar Kolbrún upp. „Ég var nú ekki góður nemandi því mér varð alltaf svo illt í fingurgómunum þannig að hann spilaði bara

fyrir mig. Ég lærði aldrei á gítar,“ segir Kolbrún og hlær.

„Mér leist alveg afskaplega vel á hana og hætti ekki, enda mikill kvenkostur. Ég gerði heiðarlega tilraun til þess að kenna henni á gítarinn en henni fannst stálstrengirnir svo harðir að ég hef alltaf séð um að spila, en hún syngur,“ rifjar Skapti upp en þau eiga bæði ættir að rekja í Flatey þar sem þau kynntust. Foreldrar Skapta hófu búskap í eygni og stjúpí Kolbrúnar er úr Flatey. Þau eru líka bæði alin upp af fólki sem var fætt árið 1887 þótt það sé 14 ára aldursmunur á þeim skóthjúum. „Við ölumst bæði upp í gömlu Reykjavík innan Hringbrautar.“

Bestu vinir Skapti og Kolbrún eyða miklum tíma í ræktun í sumar-bústað sínum.



ALVÖRU
FÓLK

Aldursmunur Það er fjórtán ára aldursmunur á hjónunum.

Kenndi henni á gítar
„Ég var nú ekki góður nemandi því mér varð alltaf svo illt í fingurgómunum þannig að hann spilaði bara fyrir mig.“

RR EN ÉG NÁÐI HENNI

Giftu sig í Digraneskirkju

Skapti fékk harmonikku í afmælisgjöf þegar hann var 75 ára og spilar hann gjarnan lagið Kolbrún mín einasta fyrir konuna sína. Skapti og Kolbrún giftu sig nefnilega árið 1996 í Digraneskirkju. „Það var alveg svakalega fín veisla og mikið fjör, ég var í upphlut,“ segir Kolbrún og hlær. „Fyrst vorum við eitthvað að þvælast á milli og áttum hvort sitt heimilið en það má eiginlega bara segja að þetta hafi hafist þegar við giftum okkur.“

Kolbrún og Skapti eiga afskaplega vel saman og hlæja mikið saman. „Við erum með svipaðan húmor og pólitískar skoðanir, það er kostur að við erum alltaf sammála. Svo finnst

okkur afskaplega gaman að fara í leikhús og út að dansa,“ segir Kolbrún. Þau eyða einnig miklum tíma í að rækta í sumar-bústað í Grímsnesinu sem þau keyptu sér. „Við erum þar allar helgar og í fríum yfir sumartímann en ekki á veturna,“ segir Kolbrún og Skapti tekur í sama streng, enda alla tíð verið mikill ræktunarmaður.

Á leið til Búlgaríu

Kolbrún segir nóg framundan hjá parinu, bæði í sumar í bústaðnum og í leikhúslífinu sem þau stunda grimmt. „Svo erum við að fara til Búlgaríu í vor og ég held að það verði voðalega fint og svo er ársátíð framundan,“ segir

Kolbrún sem er nýhætt að vinna. „Þeir sem þekjka Skapta segja að þessi kennitala hans sé algjör lygi,“ segir Kolbrún skyndilega og fer að hlæja.

„Þetta hefur verið afskaplega góður tími hjá okkur og verður það áfram enda leggjum við rækt við þetta á okkar máta. Það er góður samhugur hjá okkur þegar erfiðleikar koma upp,“ segir Skapti og rifjar upp þegar hann missti son sinn í desember. „Ég á fjögur börn af fyrra hjónabandi og hún tvö. Við erum afskaplega heppin með börnin okkar og það er hluti af lífinu. Þegar allt er í lagi með þau þá er gott að lifa,“ segir Skapti Ólafsson að lokum yfir sig ástfanginn.

Jógvan Hansen er hárgreiðslumaður sem flutti upprunalega til Íslands til að læra föröun. Hann er líka tónlistarmaður og hefur meðal annars spilað með Brandi Enni og söng síðast bakraddir í forkeppni Eurovision.

Barnaplata á íslensku
Jógvan gaf út barnaplötu á íslensku með Brandi Enni.

ALVÖRU
FÓLK



Jógvan Hansen Er eini færeyski hárgreiðslumaðurinn á Íslandi.

„Okkur finnst tungumálið ykkar rosalega skrítið. Það er eins og að heyra litla krakka tala.“

EINI FÆREYSKI HÁRGREIÐS

Með gítarinn Jógvan var söngvari hljómsveitarinnar Aría í Færeyjum.



Færeyski hárgreiðslumaðurinn Jógvan Hansen söng nýverið bakraddir í laginu Það sem verður með Friðriki Ómari í forkeppni Eurovision. Jógvan er góðvinur Hallgríms Óskarssonar, höfundar lagsins, og var ekki lengi að svara kallinu þegar hann var beðinn um að hafa hönd í bagga. „Ég hef lengi verið að fikta við tónlist. Ég lærði í átta ár á fiðlu og byrjaði 12 ára að spila með Sinfóníuhljómsveit Færeyja. Seinna söng ég í hljómsveit sem hét Aría.“

Engin förðunardís

Jógvan er fæddur og uppalinn í Klakksvík, sem er næststærsti bærin í Færeyjum, og lærði hárgreiðlu í Þórshöfn. Eftir námið lá leiðin til Íslands. „Ég kom upphaflega hingað til að fara í skóla, þriggja mánaða förðunarskóla. Ég er samt engin förðunardís,“ segir hann og hlær.

Jógvan byrjaði að vinna sem hárgreiðslumaður á Unique á Laugaveginum, fór svo fljótlega á Toni & Guy en flutti sig síðan aftur yfir á Unique þar sem hann starfar nú við góðan orðstír. Hann býr í miðbænum með unnustu sinni Þórhildi Rún Guðjónsdóttur viðskiptafræðingi og segist kunna vel við sig hér á landi. „Ég held að ungir Færeyingar

sem koma til Íslands fíla það mjög vel. Þeir fíla næturlífð hérna og þeir eiga góða samleið með Íslendingum. Þótt Ísland sé miklu stærra og fjölmennara er menningin mjög lík.“

Þrjár plötur með Brandi

Jógvan hefur gefið út plötu með hljómsveit sinni í Færeyjum auk þriggja barnaplatna með Brandi Enni. Ein þeirra, Kátir krakkar, er nú komin út á Íslandi. En hefur hann klippt poppstjörnuna ungu?

„Já. Við unnum mikið saman og ég er klippari. Auðvitað klippti ég hann.“

Þú hefur kannski líka klippt Eyvöru Pálsdóttur?

„Já, já, líka hana,“ segir Jógvan undrandi á áhuga blaðamanns á færeyskum poppstjörnum. „Færeyjar eru lítið land þannig að ég hef klippt marga Færeyinga.“

Kallar Íslendinga Jáara

Er það satt sem maður heyrir að Færeyingar kalli Íslendinga Jáara?

„Já. Íslendingar eru mikið kallaðir Jáarar í Færeyjum. Þið segið alltaf já og okkur finnst það mjög fyndið,“ segir Jógvan glettinn. „Okkur finnst tungumálið ykkar rosa-

lega skrítið. Það er eins og að heyra litla krakka tala. Alveg eins og þið hugsið um okkar mál.“

Jógvan segir þó að Færeyjingsum þyki mjög vænt um Íslendinga. „Þjóðirnar eru ná tengdar út af fisknum og þess háttar. Held að Færeyingar og Íslendingar séu ansi líkir. Tungumálin okkar eru nauðalík. Það tekur ekki langan tíma fyrir Færeying að læra íslensku,“ segir hann á nánast óaðfínanlegri íslensku þótt vel megi greina færeyskan hreim.

Ekki á leiðinni heim

Jógvan er ekki í ninni hljómsveit í dag. Hann lætur sér duga að spila bara heima hjá sér og stunda söngnám hjá Domus Vox þessa dagana enda er nóg að gera hjá honum á hárgreiðslustofunni. „Ég er búinn að búa hérna í tvö ár og er kominn með góðan hóp af fastakúnum. Ég er ekkert á leiðinni heim. Hér vil ég vera og halda áfram að klippa Íslendinga og vonandi gera eitthvað meira skemmtilegt í tónlistinni,“ segir eini færeyski hárgreiðslumaðurinn á Íslandi að lokum.

Texti: Ragnar Pétursson
H&N-mynd: E.ÓI.

SLUMMAÐURINN Á ÍSLANDI

Sírrý skrifar um um berar konur

Sírrý
SEGIR

„Allavega vona ég að við séum ekki orðnar svo firrtar mannverurnar að við kveikjum ekki í hinu kyninu með náttúrulegu útliti okkar.“

KLÁMDULURNAR ERU

Ég hef ekkert á móti nöktu fólki. Bert fólk getur verið ekki í nokkrum vandræðum með að vera ber þegar það á við. En berar konur á almannafæri eru orðnar áberandi mikil klisja. Það er verið að nota nekt kvenna til að selja nær hvað sem er og vekja athygli á öllu mögulegu sem kemur nöktum líkama ekkert við. Þetta er orðin þreytt brella. Orðið SEX og talan 6 eru notuð í tíma og ótíma til að reyna að vekja athygli manna á neysluvörum.

Nekt er falleg og spennandi en mér finnst þessi ofnotkun vera orðin hallærisleg.

Gleðikonur missa allan trúverðugleika

Stelpur sem vilja dagsdaglega láta taka sig alvarlega, vilja eignast góðan mann, mennta sig og fá góð laun mæta á mannsmót eins og glyðrur með örflíð hýalín nælt saman um sig. Sleikja hvor aðra og bera sig. Allt gengur út á sexið. Svo skilja þær ekkert í því að sumir strákar taka þær ekki alvarlega. Auðvitað höfum við frelsi til að vera eins og við viljum en ég hef séð stúlkur sem klæða sig eins og gleðikonur missa allan trúverðugleika í vinnunni. Við fáum til baka það sem við sendum frá okkur.

Frú Vigdís Finnbogadóttir var valin Best klædda kona landsins

af áhorfendum sjónvarpsþáttar míns fyrir nokkrum árum. Hún fékk langflest atkvæði fyrir að vera alltaf viðeigandi klædd, í réttum búningi við hvert tækifæri.

Ég spurði hana hvort hún hefði áhyggjur af því að verið væri að meta konur út frá fatnaði og ytri umgjörð og hvort það ynni gegn jafnrétti kynjanna. Hún sagðist engar áhyggjur hafa af því að best klæddu konurnar væru valdar. „Ég hef áhyggjur af klæðaleyfi kvenna,“ sagði Vigdís. Henni fannst konur gera lítið úr sér og vekja stöðu sína með því að koma fram hálfberar. Að ekki sé talað um ungar stelpur sem klæðast óviðeigandi litlum þjötum.

Hugrekki til að vera öðruvísi

Ég sá rokkttískusýningu í sjónvarpi þar sem hver ofurfyrirsæt-an af annarri gekk horuð með nokkra spotta utan um sig. Og nota bene, þetta hét tískusýning en ekki nektarsýning. Samt fór lítið fyrir hönnun og fötum. Loks komu örfáar sýningarstúlkur fram í fötum eftir hönnuði sem vönduðu sig að sauma og sníða og þessar fallega klæddu stóðu upp úr eins og vin í eyðimörk.

Allt fer í hringi og nú er málið að klæða sig í fót til að ná athygli.

Í söngvakeppni RÚV um daginn var Regína Ósk áberandi flott. Parna stóð hún á sviðinu hæfileikarík og glæsilega klædd



Regina Ósk „Þarna stóð hún á sviðinu hæfileikarík og glæsilega klædd eins og sannkölluð diva. Það þarf nefnilega hugrekki til að vera öðruvísi en fjöldinn og vilji maður vera öðruvísi í dag mætir maður fullklæddur á sviðið.“



Vigdís Finnbogadóttir Var valin best klædda konan í sjónvarpsþætti *Sirrýar*.

AÐ VERÐA ÞREYTTAR

eins og sannkölluð diva. Það þarf nefnilega hugrekki til að vera öðruvísi en fjöldinn og vilji maður vera öðruvísi í dag mætir maður fullklæddur á sviðið.

Fer mannlíkaminn ekki að gjaldfalla

Fyrir ekki margt löngu var ég beðin um að sýna jólakjóra í tímariti ásamt fleiri sjónvarpskonum. Við fengum ýmsa spari-kjóra til að velja úr og úrvalið í verslunum var þannig að þeir voru allir eins og litlir undirkjolar. Það er ekki flott til lengdar ef allir mæta í undirfötum. Ég tók það því til bragðs að fara heim og ná í nýju hvítu kápuna mína og lét mynda mig í henni. Og aftur vil

ég ítreka að hér er ekki spéhæðsla á ferðinni heldur er ofnotuð nekt og haldlítið hýalín orðin þunnur þrettándi.

Á frumsýningu Íslenska dansflokksins um daginn var ég að hugsa um hvað þetta er fallett listafólk. Hvað þau eru öll kynþokkafull og flott – og hvað þau eru einmitt flott af því að þau eru í búningum við hæfi. Ég hef séð allsþera listamenn á sviði Borgarleikhússins. Og það var eitt-hvað svo ósexi. Það þarf að skilja eitthvað eftir fyrir ímyndunaraflíð. Og kynþokki kemur ekki bara með því að afhjúpa allt.

Fréttir voru að berast af því að Jennifer Aniston muni koma nakin fram í næstu kvikmynd. Og

hvað með það? Fer mannlíkaminn ekki að gjaldfalla, missa aðdráttarafli sitt með þessari ofgnótt af nektarmyndum?

Málið er að klæða sig

Frábær bók Jóns Kalmans Stefánssonar, „Sumarljós og svo kemur nóttiní“, sem hlaut íslensku bókmenntaverðunin í ár, er kærkomin hvíld frá hinu margnotaða kynlífi klámtískunnar og sílikonlíkama. Bókin inniheldur margar ástarsögur af venjulegu fólki með allavega líkama, lítil brjóst, grófa húð, ístru. Bara venjulegt fólk sem lyktar og lítur út eins og raunverulegar manneskjur og kynhvötin og ástin sér um sig. Við þurfum ekki að leggja

ast undir hnífinn eða fara í stórfelldar aðgerðir til að vera kynverur. Málið er að hugsa vel um sig, vera góður við aðra og lífa innihaldsríku lífi og þá kemur ástin og kynlífið af sjálfu sér. Allavega vona ég að við séum ekki orðnar svo firrtar mannverurnar að við kveikjum ekki í hinu kyninu með náttúrulegu útliti okkar.

Mitt ráð er: Hirðum vel um líkama okkar, mataræði, útlit og fatnað og hugsum vel um hárið og skóna okkar. Með því að sinna okkur vel sýnum við að við berum virðingu fyrir okkur og aðrir munu gera það sama.

Stelpur og strákar: Málið er að klæða sig. Klámdulurnar eru að verða þreyttar.

Halli í Fazmo er Íslandsmeistari unglunga í kraftlyftingum:

ALVÖRU FÓLK

Kraftakar!!

Sterkur Hallgrímur Andri er hrikalegur. Hann varð Íslandsmeistari í kraftlyftingum um helgina.

VARÐ AFTUR 5 ÁRA OG BROSTI ALLAN HRINGINN

Ótrúlega vel, mjög ánægður að fá 3–0 lyftu. Þetta er náttúrulega nokkuð sem ég hef stefnt að í langan tíma,“ segir Hallgrímur Andri Ingvarsson aðspurður um hvernig honum leið á laugardaginn þegar hann varð um helgina Íslandsmeistari unglunga í kraftlyftingum. Hann tók 180 kg í hnébeygju, 200 kg í réttstöðulyftu og sló 12 ára gamalt Íslandsmet í bekkpressu þegar hann tók 190,5 kg. Samanlagt var þyngdin 570 kg.

„Lyftan var 100% lögleg og ég fann endorfínið flæða um líkamann = sæluvéla! Ég varð aftur fimm ára gamall og brosti allan hringinn,“ segir Halli og er í skýjunum með

árangurinn. En ætli hann vilji reyna við fullorðinstílinn seinna meir?

„Ég á enn þrjú ár eftir í unglunga flokknum svo ég á helling inni. Núna er ég farinn að kotta mig niður svo ég fer ekki að hugsa um „powerið“ fyrr en í fyrsta lagi næsta haust. Svo á ég langt í land í Ísleif Árnason sem á karlametið í -90 kg flokki,“ segir Hallgrímur. Vinir Halla grínast með lyftingaáráttuna í honum og uppnefna hann „Kjöta“ en strákurinn þykir vel vöðvastæltur. Gaman verður að fylgjast með Hallgrími í framtíðinni því hann á vafalaust eftir að setja fleiri met í kraftlyftingum.



Vinsæll Hallgrímur er vel vaxinn og vinsæll hjá stelpunum. Hér er hann með Sigrínu Bender fegurðardrottningu.

Texti Brynja Björk Garðarsdóttir H&N-mynd Úr einkasafni & Ómar V

**“Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með
...margfalt meiri skilning.”**

Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

**“...held ég sé á góðri leið með að ná inntöku-
prófinu í læknadeild í vor. Takk fyrir mig”**

Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.

**“...Núna er mér fyrst að takast að sjá fram á að
klára lesefni vikunnar sem ég taldi áður ómögulegt.”**

Elva Dögg, 20 ára Hjúkrunarnemi.

**“...Þetta námskeið var vonum framar og ætti að
vera skylda fyrir alla! Námskeiðið eykur
lestrarhæfni á öllum sviðum...”**

Haraldur Haraldsson, 18 ára nemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

...næsta námskeið **13. mars**

Akureyri - 16. mars - þriggja vikna hraðnámskeið

Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400



HRADLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Lesið í lófa Ósk Norðfjörð

LIFANDI EINLÆG OG RÓMANTÍSK

Elly Ármann
hjá spamadur.is les í
lófa fræga fólksins.



 SPÁMAÐUR.IS

Margir kunna að skilgreina lófa-
lestur sem skilaboð örlaganna en
við minnum á að hér er einungis
um dægradvöl að ræða. Lófalestur
krefst nákvæmrar skoðunar þar

sem línur og tákn sem koma fram í
hendi hvers og eins þurfa ekki að
koma fram hjá öðrum. Þegar lesið
er úr lófa tengir maður saman upp-
lýsingarnar sem hendurnar veita.

Lófinn segir frá eðliseiginleikum viðkomandi,
styrkleikum og veikleikum og ekki síst erfða-
fræðilegum þáttum.

1 – Höfuðlína
Ef lína þessi hefst við líflínuna, eins og
lófi Óskar sýnir, bendir það til þess að
viðkomandi sé örlátur og glaður, lifandi einlægur
og rómantískur. Hún er félagslynd og hefur gott
innsæi í samskiptahætti. Hún er kannski nokkuð
úthverf í augum þeirra sem ekki þekja hana en
verður mildari á manninn þegar fyrsta skrefið er
stigið og þá vikur stillingin fyrir eðlislægri hlýju.
Þessi fallega kona getur verið ákaflega hlý í við-
móti, snertir fólk og faðmar það en á sama tíma
er hún kröfuhörð (kostur). Það dýrmætasta sem
hún á er hún sjálf og það veit hún vel. En hún má
ekki gleyma að sköpunargáfa hennar kemur að
gagni hvar sem er.

2 – Liflína
Þegar líflínan er heil og skýr, eins og í
lófanum hennar, merkir það að viðkom-
andi er ákaflega trúr og góður vinur sínum. Hún
er eflaust þekkt fyrir að segja nákvæmlega það
sem hún meinar nema þegar hún neyðist til að
vera kurteis. Hún ber hins vegar enga virðingu
fyrir höfðingjasleikjum ef svo má að orði komast
en á það stundum á hættu að safna í kringum sig
já-bræðrum og -systurum.
Það er auðlesið í lófa hennar að hún nýtur þess að
gefa fólk ráð og er dásamlega heillandi því hún er
fær um að vera barnslega kát, örlát með eindæm-
um og barnslega full af trúnaðartrausti. Eins og
barn trúir þessi kona á anda, yfirskilvitleg og al-
heimsleg öfl og mikilvægi leiks og gamans. Hún er
þessi einlæga kona sem getur leikið sér á gólfinu
með börnunum og skemmt sér við það svo inni-
lega (yndislegur kostur). Geta hennar til að varð-
veita barnið í sér er einn af hennar bestu skap-
gerðareiginleikum ef marka má líflínuna hérna.

3 Annars sýnir **sólarkúfur (3)** í lófa hennar
að stærsta verkefnið sem hún ætti að
leggja sig fram við að efla og styrkja er
samskipti hennar við annað fólk. Hún þarf að
læra að treysta því, yfirvinna eigingirni sína og
leyfa sjálfri sér að bindast einlægum böndum.

4 – Fingurgómar: Hún er greinilega góð
vinkona og rausnarleg. Fingurgómar
hennar (tungl) sýna að hún vefur karl-
mönnum um fingur sér því hún býr yfir þeim töfr-
um sem endurspeglar innsæi hennar um glæstar
vonir og gott jafnvægi. Svo er fróðlegt að sjá að
hún býr yfir kynþokka sem flestum karlmönnum
finnst heillandi og ómótstæðilegur.

Henni líður vel á meðal fólksins sem hún treystir
og leyfir þeim sem kunna að meta að verðleikum
hlýju hennar og glaðværd að njóta nærveru sinn-
ar.



Fingurgómar



Höfuðlína

2

1



Líflína

Þorri Hringsson Er umtalaðasti veitingahúsa-gagnrýnandi landsins.

„Gestrisni og vinskapur er allt annað en að setjast inn á veitingastað þar sem maður er að borga.“

Myndlistarmaðurinn Þorri Hringsson hefur fengið hótanir um málsókn vegna ærumeiðandi veitingahúsagagnrýni

ÉG ER EKKI LEIÐNILI

Listmálarinn, vín- og matargagnrýnandi Þorri Hringsson hefur vakið mikla athygli fyrir óvægna veitingahúsagagnrýni og hafa pirraðir og sárir veitingahúsa-eigendur tvisvar sinnum tekið sig til og látið lögfræðinga sína senda bréf til myndlistarmannsins þar sem honum er hótað málsókn fyrir ærumeiðandi ummæli.

Óhjákvæmilegur pirringur

„Það er alltaf eitthvað. Maður kemst ekki

hjá því að pirra einhverja menn og konur, það fylgir starfinu og maður verður að sætta sig við það og halda sínu striki,“ segir Þorri.

„Ég ætla ekki að nefna það sem mér finnst persónulega verst staðurinn en það eru nokkrir vondir. Mér þykir alltaf leiðinlegt þegar fólk gerir hlutina illa. Fólk þarf því miður allt of oft að borga háar upphæðir fyrir leti og heimsku. Það er svo auðvelt að gera sæmilegan mat á einfaldan hátt. Ég skil ekki fólk sem gerir vandan mat og

býður upp á hann eins og hann sé eitthvert meistaraverk.“

Finnst ruslfæði vont

Þorri segist ekki vera snobbaður þótt hann vilji góðan mat og góð vín. „Nei, ég verð að játa það að ég hef ekki fengið mér samloku frá smurbrauðsfyrirtæki í fimmtán, tuttugu ár og ég fékk mér McDonalds fyrir tíu árum. Mér finnst skyndibitamatur vondur. Ég er ekki að reyna að gera eitthvað



Mikil ástriða Porri er svo mikill matmaður að hann málar oft myndir af girnilegum réttum.



Listamaðurinn Porri hefur haldið fjölda myndlistarsýninga.



Elskar að mála Porri Hringsson þykir nokkuð fær listmálarí.

LEGUR GESTUR

mikið úr mér eða þykjast vera með frábæran smekk eða þá snobbaður. Ég hef bara svo mikið annað við tímann að gera en að úða í mig vondum mat.“

Ódýrt getur verið gott

„Það eru nokkrir staðir sem eru góðir á landinu. Alveg 5–6 staðir sem eru bara betri en allir hinir. Það eru ekki endilega þeir dýrustu sem eru bestir. Ég hef til dæmis alveg óendanlega gaman af því að borða á

Tryggvagötunni á tælenska staðnum þar. Það er stemning að borða þar, það kostar bara níu hundruð. Það er reyndar allt of mikið reykt þar. Ánægjan af að borða þar er sú sama og sú sem ég fæ út úr því að borða á Grillinu.“

Ekki leiðinlegur gestur

Þegar Porri fer í matarboð segist hann oft verða var við hræðslu hjá gestgjöfunum. „Í þau fáu skipti sem mér er boðið í

mat finn ég að menn eru stundum dauðhræddir um að maturinn sé of lélegur og ekki nógu góður fyrir mig. Það þykir mér mjög leiðinlegt.“

Hann segir að matarboð og veitingahúsaferð sé tvennt algerlega ólíkt. „Gestrisni og vinskapur er allt annað en að setjast inn á veitingastað þar sem maður er að borga. Ég held það sé skemmtilegt að bjóða mér í mat. Ég er ekki leiðinlegur gestur,“ segir Porri að lokum.

Steingrímur Hermannsson, 77 ára, hefur stundað Laugardalslaugina síðan hún var opnuð

ALVÖRU FÓLK

Laugardalslaug
Hér hefur Steingrímur verið fastakúnni lengi.

ÉG ELDIST EINS OG AÐRIR

Það er alltaf gott að fara í sund, hvernig sem veður er. Mér finnst alveg eins gott þegar það er rok og rigning," segir Steingrímur Hermannsson sem hefur farið í sund í Laugardalnum síðan laugin var opnuð. „Ég er nokkurn veginn fastakúnni. Stundum hefur eitthvað fallið úr þegar maður hefur verið upptekinn og svona. Ég er bæði að synda og í pottunum," segir Steingrímur sem syndir lágmark 200 metra í hvert skipti. „Ég eldist eins og aðrir en þetta heldur mér frískum. Mér líður betur og svo er þetta finn félagsskapur og útivist. Þetta er mikið sama fólkíð í pottunum og þar er rætt allt milli himins og jarðar."

Steingrímur býr í Garðabænum en keyrir í Laugardalinn

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal - H&N-mynd: E.Ól., GVA & Stefán

enda ekki lengi verið á leiðinni, fimm til sex mínútur að sögn Steingríms. „Annars er bara allt gott að fréttu af mér. Ég er í mörgu. Fór á skíði með dóttursyni mína til Akureyrar í þrjá daga og svo vorum við í Borgarfirði í síðustu viku, það er alltaf eitthvað að stússast," segir Steingrímur sem hlakkar til vorsins og sumarsins. „Það er bara skógræktin og allt það. Svo er aldrei að vita nema maður fari eitthvað út að spila golf. Við hjónin spilum golf saman en forgjöfin er nú ekkert sérstök þar sem ég byrjaði frekar seint. Þetta er aðallega gert okkur til ánægju og útivistar," segir Steingrímur sem vill ekki gefa upp hvor sé betri, forsætisráðherrann fyrrverandi eða eiginkonan.

Nóg að gera Steingrímur var á skíðum og ætlar á fullu í skógræktina í sumar.

„Þetta er aðallega gert okkur til ánægju og útivistar.“

Denni Er mikið í sundi og ætlar að spila golf í sumar.

Fullkominn svefn

Árið 1852 hóf fjölskylda í litlum sænskum bæ, Köping, að handgera rúm.

Fimm kynslóðum síðar eru þau enn að búa til rúm sem af mörgum eru talin vera þau bestu í heimi og hvergi er slegið af kröfunum um þægindi.

Hästens rúmin eru einu handgerðu rúmin í heiminum sem eru eingöngu unnin úr náttúrulegum efnum. Það er hvorki einfalt né ódýrt, en árangurinn er óviðjafnanleg þægindi. Ullin heldur á þér hita þegar kalt er en heldur hita frá þér þegar heitt er.

Hrosshárin loftræsta raka úr dýnunni. Hörinn kemur í veg fyrir stöðurafmagn. Bómullin gefur rúminu mýkt. Viðarumgjörðin er úr furu sem vex hægt norðan við heimskautsbaug og gerir rúmið eins sterkbyggt og endingargott og hugsast getur.

Syftar þig? Komdu í verslun okkar og upplifðu hvernig svefninn í Hästens rúmi er gjöf frá náttúrunni.

Við munum örugglega vekja þig fyrir lokun.



Hästens 
since 1852

Gæðavara byggð á 150 ára
sænskri hefð nú fánleg á Íslandi.

Verið velkomin.

Hästens verslunin í Reykjavík

Grensásvegi 3

108 Reykjavík

simi 581 1006

ERTU TREFILL?

1. ÞEGAR ÉG FER Á KAFFIHÚS FÆ ÉG MÉR YFIRLEITT:

- Sóðavatn með sítrónu
- Stóran bjór
- Kaffi latte
- Kók í gleri




2. UPPÁHALDSTÓNLISTAR- MENNIRNIR MÍNIR ERU:

- Raggi Bjarni og Skapti Ólafsson
- Damien Rice og Coldplay
- 50 Cent og Scooter
- James Blunt og Brynjar Már



3. ÞÚ VINNUR ANNAÐ HVORT:

- Hjá bænum eða ríkinu og bíður eftir listamannalaunum
- Á Sólbaðsstofunni Ibiza eða Hlöllabátum
- Sem beitingamaður eða þjónn
- Í GK eða Sautján



4. ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ ÞÉR Í GLAS FÆRÐU ÞÉR ALLTAF:

- Ískaldan Thule í gleri
- Hvítvíns- eða rauðvínstár
- Mojito
- Diet kók því þú drekkur ekki



5. UPPÁHALDSBÍÓMYNDIRNAR ÞÍNAR ERU:

- Allar myndirnar hans Bens Stiller
- Líf-myndirnar
- Ekki óskarsverðlauna-myndir, franskar eru málið
- Horfir ekki á bíómyndir, Office-þættirnir eru fyrir þig



6. FÖTIN KAUPIRÐU ALLTAF Á SÖMU STÖÐUNUM, ÞAÐ ER:

- GK og Sautján
- Retro
- Spútnik því Kormákur og Skjöldur eru hættir
- Hagkaup



7. UPPÁHALDSDJAMM- STAÐIR ÞÍNIR ERU:

- Óliver og Hverfiz
- Vegamót
- Pravda
- Sirkus og Kaffibarinn



Gult

Þú ert nettur trefill. Þú ert líklega illa rakaður, nefmæltur og andfúll. En filar samt Ben Stiller og heldur með United í enska boltanum. Mættir alveg fara að taka þig á og hætta í þessu Kaffi latte-rugli.

Rautt

Þú ert anabólískur trefill. Uppáhaldsleikarinn þinn er Woody Allen og þú ert mikið á móti USA. David Beckham er óvinur númer eitt og þú verklar í Nonnabúð til að setja statement um að enginn þurfi að ganga í merkjavöru. Þú semur mikið af ljóðum.

Grænt

Ekki trefill. Ert kannski bara svoltið lost. Veist ekkert hvað þetta trefladæmi er og gerir bara það sem þér finnst best. Ert ekkert að fylgja neinum. Spilar Damien Rice í Impreziunni þinni.

Blátt

Venjulegur. Þú ert mjög opin fyrir breyttu samfélagi og ert umburðarlyndur. Borðar sushi en setur aldrei tómatsósuna yfir allar frönskurnar. Ert yfirleitt brosandí og sátturnar með lífið.

TAKTU PRÓFIÐ



1 Saurmissir

„Ég á vin sem lendir oft í því að missa saur á almannaþæri. Hann heitir Hjöbbi Ká. Er ágætur strákur þrátt fyrir það.“

2 Sting er maðurinn

„Ég er mikill aðdáandi Sting. Þó svo að ég eigi engar plötur með honum og hlusti eiginlega aldrei á hann. En staðreyndin að hann býr til tónlist, ég virði það.“



3 Sprett-hlaupari

„Það halda margir að ég geti ekki hreyft mig vegna gríðarlegs vöðvamassa en ég hleyp 100 metrana á 11,2.“

4 Náttúrulega ljóshærður

„Það halda margir að ég láti strípur í hárið á mér. Málið er samt bara það að ég er natural ljóshærður. En ef ég væri það ekki myndi ég strípa mig.“



5 Með bleyju til 10 ára aldurs

„Það vita ekki margir að félagi minn Hjöbbi Ká þurfti að ganga með bleyju alveg þangað til hann varð 10 ára gamall. Ég hins vegar þurfti aldrei að vera með bleyju.“



10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

ENGAR STRÍPUR – NÁTTÚRULEGA LJÓSHÆRÐUR

6 Menntaður leikari

„Það halda margir að ég sé fæddur góður leikari, en ég er reyndar útskrifaður úr einum besta leiklistarskólanum í LA.“

7 Á móti klámi

„Ég er algjörlega á móti klámi. Mér finnst það vera niðurlæging fyrir kvenfólk, get með engu móti horft á þetta.“



8 Rakakremið algjört möst

„Ég er algjörlega háður Chanel-næringar- og rakakremunum sem Diana Dúa snyrtifræðingur lætur mig fá. Ég lifi ekki daginn af án þeirra.“

9 Félagi með runkfíkn

„Ég á féлага sem þarf að kippa í Jónssoninn 10-12 sinnum á dag. Hann er kynlífsfíkill en ég reyni að hjálpa honum eins mikið og ég get.“






10 Atvinnumaður

„Mér bauðst á sínum tíma að gerast atvinnumaður í knattspyrnu. Ég vildi bara ekki fórna vöðvamassanum fyrir þessi miklu hlaup sem fylgja því að vera atvinnumaður.“



HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.23

| | | | | | | | | | | |
|--|----|----|----|----|----|----|----|----|---|----|
|  | 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 | 6 | |  | |
| | 7 | | | 8 | | 9 | | 10 | | |
| | 11 | | | 12 | 13 | | | | | |
| | 14 | 15 | | | 16 | | | | 17 | |
| 18 | | | | 19 | 20 | | | 21 | 22 | |
| 23 | | | 24 | | 25 | | | 26 | 27 | |
| | 29 | | | 30 | | | 31 | | | 32 |
| 33 | | | 34 | | | 35 | | 36 | | 37 |
| | | 38 | | | | | 39 | | 40 | |
| 42 | 43 | | | | | 44 | | 45 | | 46 |
| 47 | | | | 48 | 49 | | | | 50 | |
|  | 52 | | | | | 53 | | 54 | | 55 |
| | 56 | | | | | 57 | | | | 58 |
| | 59 | | | | | | | | 60 | |

LÁRÉTT

- 1 ÞÖRUNGUR (3)
- 4 ÞUKL (3)
- 7 ÓVILJUGUR (4)
- 9 SNÍKJUDÝR (3)
- 11 TVEIR EINS (2)
- 12 NÁ (5)
- 14 FJÖRUGRÓÐUR (4)
- 16 SAKA (5)
- 17 ÍPRÓTTAFÉLAG (2)
- 18 HLUTI VERKFERIS (3)
- 19 XII (4)
- 21 DRAUGUR (4)
- 23 MÁNUÐUR (4)

- 25 LOSTI (5)
- 28 ÞESSI (3)
- 29 SKEMMTUN (5)
- 31 ÁRSTÍÐ (3)
- 32 LOGA (3)
- 33 SKÓLI (2)
- 34 NOTALEGUR HITI (4)
- 36 HEITI (5)
- 38 ÁVÖXTUR (6)
- 40 SAMBAND (5)
- 42 LENGDAREINING (4)
- 44 HUGFÓLGINN (3)
- 46 KLUKKAN (2)
- 47 RÖND (3)

- 48 STEFNA (5)
- 50 STEINTEGUND (4)
- 53 SKAKKI (4)
- 55 KLAFI (2)
- 56 SKILYRÐISLAUS (7)
- 58 SVELG (3)
- 59 SKORDÝR (6)
- 60 ÞITT (4)

LÓÐRÉTT

- 1 EYÐSLA (4)
- 2 RANGT (5)
- 3 PREYTA (2)
- 5 KVÍSL (4)

- 6 KLASTUR (4)
- 8 SKÝLI (5)
- 10 MÁLHELTI (4)
- 13 SKAMMSTÖFUN (5)
- 15 FISKA (4)
- 17 HJÁKONA (6)
- 18 UPPHRÓPUN (2)
- 20 HÓTUN (5)
- 22 ÓGÆFU (7)
- 24 TÁKNMYND (5)
- 26 NYTSEMI (3)
- 27 FJÚK (4)
- 30 FÆÐA (3)
- 33 TILFINNINGANEMUR (4)

- 35 DEIGJA (4)
- 37 ÁVISUN (5)
- 38 STRUNS (3)
- 39 TUNGUMÁL (6)
- 41 MATVANDUR (8)
- 43 SKYLDIR (2)
- 45 DEIGUR (5)
- 48 BLAÐRA (4)
- 49 VEITTU EFTIRFÖR (4)
- 51 FASTUR VIÐ (4)
- 52 FORSKEYTI (3)
- 54 TÍMABIL (2)
- 57 KIND (2)
- 58 STÖÐUG HREYFING (2)

hér&nú

STÚLKAN
Hrefna Henny
Víkingur
20 ára

Hrefna Henny er tvítug og vinnur á sambýli og við matarkynningar í matvöruverslunum. „Síðast var ég að kynna einhverja pastasósu. Þetta er alveg skemmtileg vinna ef það er nóg að gera,“ segir Hrefna. „Svo sýni ég stundum á tiskusýningum. Annars stefni ég á að fara í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands í haust.“ Hrefna bjó í 14 ár í Svíþjóð og flutti aftur til Íslands fyrir einu og hálfu ári. Hún er trúlofuð Gísla Rúnari Kristinssyni. Þessi glæsilega stúlka prýðir þessa dagana forsíðu Bleikt&Blátt.



NEDERBURG:

Kröftug suður-afrísk vín á kynningarverði

Suður-afrískir dagar standa nú yfir í Vínbúðum og má finna fjölmörg vín á kynningarverði. Suður-afrísk vín hafa náð miklum vinsældum hérlandis undanfarin ár. Þau eru jafnan kraftmikil og bragðrik en meginástæðan fyrir vinsældunum er eflaust hagstætt verð. Þótt suður-afrísk vín séu tiltölulega ný hér á landi eru framleiðendur þarlandis engir nýgræðingar í víngerð. Nederburg er eitt stærsta vínhús landsins og á sér yfir 200 ára sögu. Nederburg hefur hlotið fleiri alþjóðleg verðlaun en nokkur önnur víngerð í landinu og verið í fararbroddi í nýjungum.

Nederburg Shiraz hefur fengið góðar viðtökur á Norðurlöndunum og fengið góða dóma í blöðum í Danmörku. Má nefna að Vinavísen og Jyllands Posten gáfu því fjórar stjörnur. Sömu ein-kunn fékk vínið í kvennablaðinu Alt for damerne enda þykir vínið höfða mjög til kvenna. Sannkallað selskapsvín!

**Kynningarverð á suður-afrískum
dögum 1.090 kr.**

**Nederburg Shiraz
Pinotage** hentar vel með kjöti, sérstaklega grilluðu. Vínið hefur hlotið góðar viðtökur á Norðurlöndunum og fengið góða dóma í blöðum í Danmörku. Má nefna að Vinavísen gaf því fimm stjörnur eða hæstu einkunn.

**Kynningarverð á suður-afrískum
dögum 890 kr.**



Kraftmikil

8 vordagskrá

8 vikna námskeið

KARLAR ÁTAK

KONUR ÁTAK

JÓGA á meðgöngu

- takmarkaður fjöldi

ROPE YOGA

- takmarkaður fjöldi

PEAK PILATES

- Peak pilates 1 og 2

- takmarkaður fjöldi

- einnig sérsniðin námskeið fyrir NÝBAKAÐAR MÆÐUR og ELDRI BORGARA

„EXTREME“-ÞJÁLFUN

- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin **nytt**

Námskeiðin hefjast 6. mars og standa yfir til 7. maí. Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000. Aðgangur að Laugardalslaug, tækjasölum og opnum tímum í World Class. Skoðið úrval opinna tíma í jóga-, styrktar-, brennslu- og kickbox-tímum á www.worldclass.is

WorldClass
ICELAND

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200

www.worldclass.is



Alltaf

Hádegistilboð

Stór pizzasneið

Hot Wings 10 bitar með chili e

16" með pepp

1190 kr.-
tilboð sött



16" pizza
með allt að 4 álegg

Dalbraut

568

Góðar

Þó alla daga

og kōk 490 kr.

Þá gráðostasōsu og kōk 590 kr.

eroni 999 kr.

AKUREYRI SPECIAL

Stór pizza með frönskum, bearnaise, roast beef og svartur pipar og 2L. gos á 1690 sött

68 68

Mjōdd

LOKSINS LOKSINS LOKSINS

Hollywood þægindi á Íslandi!



Hann er til leigu!

- ▶ Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- ▶ Tekur 17 farþega
- ▶ Lystisnekkja á hjólum

GOLD LIMO

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is